


2015

Hreindýrin á Íslandi



STARFSHÓPUR UM
HREINDÝRAELDI

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

STARFSHÓPUR UM HREINDÝRAELDI

Ljósmynd á forsíðu: Skarphédinn G. Þórisson.

EFNISYFIRLIT

Starfshópur um Hreindýraeldi.....	1
Efnisyfirlit.....	3
1 Inngangur.....	5
2 Starf hópsins.....	6
3 Niðurstöður starfshópsins.....	6
4 Lög og reglugerðir.....	9
5 Íslenski hreindýrastofninn.....	10
5.1 Hreindýrin 1940-2014.....	11
5.2 Dreifing.....	12
5.2.1 Hjarðir.....	12
5.2.2 Nýting.....	13
5.3 Beit og beitarálag.....	16
5.3.1 Beit.....	17
5.3.2 Beitarálag.....	18
5.4 Sjúkdómar, sjúkdómahætta og sóttvarnir.....	20
5.4.1 Veirusjúkdómar.....	21
5.4.2 Bakteríusýkingar.....	22
5.4.3 Sníkjudýr.....	24
6 Hreindýr til ræktunar.....	26
6.1.1 Afhending hluta stofnsins.....	26
6.1.2 Fordæmi.....	28
6.1.3 Arðgreiðslur.....	29
6.1.4 Greiðsla fyrir hjörðina.....	30
6.1.5 Skil á dýrum.....	31
7 Hagsmunaaðilar.....	31
7.1 Veiðimenn.....	31
7.2 Sveitarfélögin.....	32
7.3 Landeigendur.....	32
7.4 Leiðsögumenn.....	33
7.5 Almennigur og Markaður.....	33
7.5.1 Takmörkun á ferðafrelsi - Almennaréttur.....	34
8 Hreindýraeldi sem ný búgrein.....	34
8.1 Búgrein.....	34
8.1.1 Breytingar á lögum og reglugerðum.....	35
8.1.2 Ræktun og dreifing.....	36
8.2 Markaður.....	37
9 Hreindýraeldi og áhrif á veiðar.....	37
9.1 Fjárhagsleg áhrif á veiðimenn.....	37
9.2 Þróun hreindýraveiða í kjölfar eldis.....	38
9.3 Upplifun og ásókn veiðimanna í kjölfar eldis.....	38
9.4 Erlendir veiðimenn.....	39
10 Dýravelferð.....	39
10.1 Ræktun hreindýra.....	40
10.2 Einangrun ræktaðra dýra frá villtum dýrum.....	40
10.2.1 Einangrun.....	40
11 Viðaukar.....	45
11.1 Lagatilskipanir og eldri lög um hreindýr.....	47
11.2 Hugmyndir um hreindýraeldi og flutning hreindýra í aðra landshluta.....	48

1 INNGANGUR

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði með bréfi dags. 11. febrúar 2014 starfshóp sem falið var það hlutverk að fjalla um hugmyndir um hreindýraeldi og hreindýraræktun sem nýja búgrein á Íslandi. Starfshópnum var falið að fjalla um málið frá öllum hliðum og að draga fram þau atriði sem gætu skipt máli fyrir villt hreindýr hér á landi, verndun þeirra og veiðar, búfjársjúkdóma og landbúnað og landnýtingu. Hópnum var falið að fjalla um áhrif þess að taka stóran hluta dýra úr stofni hreindýra til þess að koma upp hjörð eldisdýra og þess að sambærilegum fjölda eldisdýra verði skilað aftur í villtan stofn hreindýra.

Hópnum var meðal annars falið að fjalla um eftirfarandi þætti:

- áhrif og þýðingu þess að afhenda hluta af villtum stofni til ræktunar
- áhrif á arðgreiðslur til landeigenda
- greiðslu fyrir afnot af hluta stofnsins
- útbreiðslusvæði og dreifingu hreindýra um landið
- áhrif þess að skila ræktuðum hreindýrum í villtan stofn
- breytta landnýtingu og beitarálag
- hreindýraeldi sem nýja búgrein
- áhrif á hreindýraveiðar
- sjúkdóma, sjúkdómahættu og sjúkdómavarnir
- samgang við villt dýr og einangrun ræktaðra dýra frá villtum dýrum
- dýravelferð

Starfshópurinn var þannig skipaður:

Sigurður Á. Þráinsson, formaður, umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
Niels Árni Lund, skrifstofustjóri, tilnefndur af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti,
Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Trausti Baldursson, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands,
Gunnlaug H. Einarsdóttir, sviðsstjóri, tilnefnd af Umhverfisstofnun,
Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, bóndi, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands,
Hákon I. Hansson, fv. héraðsdýralæknir, tilnefndur af Hreindýraráði,
Skarphéðinn G. Þórisson, líffræðingur, tilnefndur af Náttúrustofu Austurlands,
Elvar Árni Lund, formaður Skotvís, tilnefndur af Skotvís og
Eyrún Arnardóttir, héraðsdýralæknir, tilnefnd af Matvælastofnun.

Starfshópnum var falið að skila niðurstöðu og tillögum sínum í skýrsluformi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eigi síðar en 15. desember 2014.

2 STARF HÓPSINS

Samkvæmt skipunarbréfi starfshópsins var miðað við að hópurinn kæmi saman til fundar þrisvar sinnum en gæti auk þess haldið símafundi og sent á milli hugmyndir og tillögur um starf hópsins. Starfshópurinn kom saman til fyrsta fundar 20. mars 2014 þar sem farið var yfir helstu málefni íslenska hreindýrastofnsins, s.s. þróun hans og stærð, veiðar og nýtingu ásamt því að ræða starf og starfshætti hópsins. Annar fundur hópsins var um miðjan september og var þá farið yfir hugmyndir, tillögur og fyrstu drög að skýrslu til ráðherra sem hópurinn hafði unnið að milli funda. Haldnir voru fjórir símafundir til þess að ræða sjónarmið og tillögur og efni skýrslu til ráðherra. Milli funda unnu meðlimir hópsins að verkefnum hver í sínu lagi og sendu tölvupósta á milli um skýrsluna til ráðherra og sjónarmið og tillögur hópsins. Í byrjun desember varð ljóst að starfshópunum tækist ekki að ljúka vinnu sinni og skila skýrslu og tillögum til ráðherra í tæka tíð og var því óskað eftir lengri tíma til þess að ljúka starfi hópsins. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti hópnunum í kjölfarið skilafrest fram í mars 2015. Starfshópurinn gekk frá skýrslu og tillögum sínum 10. júní 2015 og var skýrslan afhent umhverfis- og auðlindaráðherra 16. júní 2015.

3 NIÐURSTÖÐUR STARFSHÓPSINS

Starfshópur um hreindýraeldi sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði til þess að fara yfir málefni hreindýra á Íslandi og fjalla um hugmyndir um hreindýraeldi og hreindýraræktun sem nýja búgrein á Íslandi hefur tekið saman þessa skýrslu um störf sín. Hópurinn hefur leitast við að draga fram og fjalla um þau atriði sem tiltekin eru í skipunarbréfi hópsins, og að framan eru talin, og dregið fram líkleg áhrif, breytingar og þau sjónarmið sem hópurinn telur leiða af því að taka upp eldi á hreindýrum sem nýja búgrein hér á landi sem byggði á íslenska hreindýrastofninum. Samandregnar niðurstöður hópsins eru eftirfarandi:

ÁHRIF ÞESS AÐ AFHENDA VILT DÝR TIL RÆKTUNAR

Starfshópurinn telur að brottnám 200-400 dýra úr stofni villtra hreindýra hafi ekki neikvæð né varanleg áhrif á hreindýrastofninn. Starfshópurinn telur hins vegar að fyrstu áhrif verði samdráttur í hreindýraveiðileyfum meðan stofninn er að ná aftur sömu stærð.

ÁHRIF Á ARÐGREIÐSLUR TIL LANDEIGENDA

Starfshópurinn telur að afhending hluta villta hreindýrastofnsins til þess að koma upp eldisstofni muni gæta í arðgreiðslum til bænda árið sem dýrin eru tekin úr stofninum og í nokkur ár eftir brottnámið meðan stofninn er að ná fyrri stofnstærð og markmiðum og þéttleika sem veiðistjórnun miðast við. Samdráttur í arðgreiðslum væri hægt að bæta á fyrsta árinu með því að greitt yrði fyrir dýrin með sama hætti og fyrir hreindýraveiði.

GREIÐSLA FYRIR AFNOT AF HLUTA STOFNSINS

Starfshópurinn telur eðlilegt að afhending villtra dýra til eldis eigi að lúta sömu lögmálum og veiði úr stofninum og að eðlilegt sé að greitt verði fyrir þau dýr sem heimilað verður að taka til hreindýraeldis og hugsanlega einnig fyrir samdrátt í hreindýraveiði meðan fjölgar aftur í stofninum.

ÚTBREIÐSLUSVÆÐI OG DREIFING HREINDÝRA UM LANDIÐ

Starfshópurinn telur að afhending hluta stofnsins til hreindýraeldis muni leiða til þess að mögulegt útbreiðslusvæði villtra hreindýra minnki og takmarki mögulega dreifingu villtra hreindýra verði eldi heimilað á útbreiðslusvæðinu.

ÁHRIF ÞESS AÐ SKILA RÆKTUÐUM HREINDÝRUM Í VILLTAN STOFN

Starfshópurinn telur útilokað að ljá máls á því vegna sjúkdómahættu að eldisdýrum verði skilað aftur í villtan stofn hreindýra. Samkvæmt 23. grein laga um velferð dýra er óheimilt að sleppa dýrum sem alist hafa upp hjá mönnum út í náttúruna í þeim tilgangi að þau verði þar til frambúðar.

BREYTT LANDNÝTING OG BEITARÁLAG

Starfshópurinn leggur áherslu á að hreindýraeldi sé þess eðlis að því fylgi óhjákvæmilega umtalsverð breyting á landnýtingu og það takmarki aðra landnýtingu og aðgengi almennings að landinu vegna nauðsynlegra girðinga og sé líklegt til þess að auka beitarálag á ræktunarsvæðinu.

HREINDÝRAELDI SEM NÝ BÚGREIN

Starfshópurinn bendir á að hreindýraeldi kallar á breytingar á fjölda laga og reglugerða á sviði landbúnaðar, slátrunar, sjúkdómavarna, hreindýraveiða o.fl.

ÁHRIF Á HREINDÝRAVEIÐAR

Starfshópurinn telur að helstu áhrifin á hreindýraveiðar verði samdráttur í hreindýraveiði fyrst eftir brotnám dýra úr villta stofninum og takmörkun og samdráttur í útbreiðslu villtra hreindýra og sambærileg minnkun veiðisvæða, auk þess sem það gæti leitt til lækkunar á verði hreindýrakjöts og fækkun afleiddra starfa í tengslum við hreindýraveiðar.

SJÚKDÓMAR, SJÚKDÓMAHÆTTA OG SJÚKDÓMAVARNIR

Starfshópurinn telur verulega hættu á aukinni tíðni og útbreiðslu sjúkdóma einkum í tengslum við hættuna á samgangi við villt dýr og annan bústofn og leggur áherslu á að verði hreindýraeldi heimilað þurfi að bólusetja gegn ákveðnum sjúkdómum, skima villt hreindýr fyrir sjúkdómum áður en eldi hefst og setja upp virkt eftirlit með sjúkdómum og sjúkdómavörnum.

SAMGANGUR VIÐ VILLT DÝR

Starfshópurinn telur óaskilegt, einkum vegna sjúkdómavarna, að samgangur sé milli villtra hreindýra og eldshreindýra og leggur áherslu á að verði hreindýraeldi heimilað þá verði að útiloka möguleika á samgangi eldisdýra við villt hreindýr.

DÝRAVELFERÐ

Starfshópurinn telur eftirlit með hreindýrum í eldi nauðsynlegt og að þeim verði slátrað í sláturhúsi og að engin veiði verði heimil á slíkum dýrum. Hópurinn bendir á að skv. lögum er óheimilt að sleppa dýrum sem alin hafa verið í vörslu manna lausum í náttúru landsins.

ÁLIT STARFSHÓPSINS

Í ljósi þess sem að framan greinir er starfshópurinn sammála um að mæla ekki með hreindýraeldi eða stórfelldum hreindýrabúskap hér á landi í hreindýrahögum Austanlands ef á sama tíma á að standa vörð um villtan stofn hreindýra í landinu. Hreindýraeldi gæti hugsanlega komið þeim einstaklingum til góða sem fengju að taka hreindýr úr íslenska stofninum en eins og kemur fram í þessari skýrslu ber að líta svo á að hreindýrastofninn, eins og aðrir stofnar villtra dýra, sé ekki háður beinum eignarrétti eins eða neins í einkaréttarlegum skilningi. Það sé hins vegar viðurkennd meginregla samkvæmt íslenskum rétti að löggjafinn getur sett reglur um meðferð og nýtingu verðmæta eins og hreindýra, þó ekki sé um beint eignarréttarlegt tilkall ríkisins að ræða. Starfshópurinn hefur hins vegar ekki fundið nein önnur rök eða ástæður sem gerir það að verkum að hann telji rétt að mæla með hreindýraeldi. Einnig sé óvissa um hvernig eigi að heimila einstaklingi eða einstaklingum að taka stóran hluta stofnsins til eigin nota og um leið skerða möguleika annarra til nýtingar og gefa um leið fordæmi fyrir því að fleiri dýr verði tekin úr stofninum. Fjölmargir landsmenn og ferðamenn hér á landi njóta hreindýranna villtra og hafa atvinnu og ánægju af hreindýraveiðum og vinnslu afurða hreindýranna.

Starfshópurinn telur að ef tekin verði upp stórfelldur hreindýrabúskapur aukist líkur á útbreiðslu sjúkdóma og beitaráhrif eru óviss. Lítil þekking er á beitaráhrifum hér á landi og því takmörkuð þekking fyrir hendi til að velja svæði undir hreindýraeldi svo vel fari. Á þetta bæði við hvað varðar magn þ.e. fjölda dýra á eldissvæðum og gæði og þolmörk gróðurs. Jafnframt bendir starfshópurinn á að fjölmörgum lögum og reglugerðum þyrfti að breyta og óljóst sé hver eigi að bera kostnað af því. Starfshópurinn telur að hreindýraeldi sem ný búgrein geti haft umtalsverð áhrif á stöðu villtra hreindýra og getur ekki mælt með því að það skref verði tekið. Afstaða starfshópsins miðast fyrst og fremst við stórfellt eldi hreindýra en ekki hvort heimila eigi að dýr séu höfð í haldi í „dýragörðum“ af svipuðu tagi eða minni og fjölskyldugarðurinn í Reykjavík.

Ef vegnir eru saman þeir kostir sem felast annars vegar í að viðhalda villtum hreindýrastofni og nýtingu hans með þeim hætti sem gert er í dag og hins vegar að heimila stórfellt hreindýraeldi með óvissu um áhrif þess á náttúru landsins, þ.m.t. á hreindýrastofninn sjálfan, og aðra þætti lífríkisins þá telur starfshópurinn farsælast að viðhalda núverandi sjálfbærri nýtingu og vernd villtra hreindýra á Íslandi.

4 LÖG OG REGLUGERÐIR

Innflutningur hreindýra til Íslands á árunum 1771 til 1787 var framkvæmdur á grundvelli konunglegra tilskipana frá 1751 og frá 18. apríl 1787 um innflutning hreindýra (sjá viðauka 1). Í kjölfarið fylgdi síðan Kannsellibréf dagsett 21. júlí 1787 um sektir fyrir brot á fyrirmælum um friðun hreindýra¹. Þremur árum síðar er svo gefin út Konungleg tilskipun dagsett 19. maí 1790 um heimild til veiða á 20 hreinum árlega næstu þrjú árin og var hún framlengd með tilskipun árið 1794. Árið 1798 var birt tilskipun um að heimilt væri að gefa út leyfi til veiða á hreindýrum, með þeim takmörkunum að óheimilt var að veiða kýr og kálfa yngri en eins árs. Almenn veiði var heimilud árið 1817 ef ekki kæmi í bága við eignar- og umráðarétt annarra til veiðisvæðis. Tilskipun sem heimilaði veiði á törfum og eftirför hvar sem var kom síðan árið 1849. Fyrstu formlegu lögum um hreindýr voru sett árið 1882 en þá voru sett lög um friðun fugla og hreindýra. Þar eru hreindýr friðuð frá 1. janúar til 1. ágúst og ákvörðuð 5 króna sekt fyrir dráp á fyrsta dýri og tvöfaldaðist upphæðin á dýr eftir það. Fyrstu sérlögum um hreindýr voru sett 1901, lög nr. 42/1901, sem friða hreindýr um allt land árið um kring til tíu ára frá 1. janúar 1902. Sektir fyrir ólöglega veiði voru þá settar 50 krónur fyrir hvert dýr. Með breytingum á þessum lögum var friðunartíma hreindýranna framlengdur óbreyttur árið 1911 til 1917 en þá var friðunin framlengd í 10 ár og 1927 var friðunin enn framlengd og nú til 1935 en jafnframt var heimilað að handsama dýr til eldis. Með nýjum lögum nr. 49/1937 var þessi friðun svo framlengd til 1. janúar 1945. Í lok árs 1939 voru hins vegar samþykkt ný lög nr. 28/1940 sem friðuðu hreindýr en veittu ráðherra jafnframt heimild til þess að láta veiða hreintarfa, ef sérstök ástæða virtist til og áfram var heimilt að veita leyfi til að handsama dýr til eldis. Þetta er á þeim tíma sem talið var að eingöngu væru eftir um 100 dýr og nauðsynlegt var talið að fækka törfum, eins og áður er getið, til þess að auka frjósemina í stofninum. Með þessum lögum var ráðherra einnig heimilað að skipa sérstakan eftirlitsmann til aðstoðar yfirvöldum við eftirlit með að lögum verði hlýtt og til þess að hafa eftirlit með hreindýrunum. Sekt fyrir brot gegn lögum var hækkuð upp í 200 krónur á dýr og tvöfaldað við hverja ítrekun upp að 800 krónum. Með lögum nr. 72/1954 var gerð breyting á lögum þannig að eftirlitsmanni með hreindýrum var fengið það hlutverk til viðbótar við eftirlitið að ráðleggja um veiðar úr stofninum ef hann teldi hafa fjölgað í stofninum og að honum stafi ekki hættu af veiðum og geti ráðherra þá veitt heimild til veiða úr stofninum. Þá bar ráðherra að setja reglur um veiðarnar að fengnum tillögum frá hlutaðeigandi sýslumönnum og eftirlitsmanni og að kveða á um hvert hagnaður sem verða kynni af veiðunum ætti að renna. Lögum frá 1940 voru í gildi þar til nýstofnað umhverfisráðuneyti tók við málaflokknum af menntamálaráðuneytinu árið 1990 og lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum tóku gildi.

Almenn verndarákvæði laga 64/1994 gilda um verndun hreindýra en jafnframt er sérstök grein í lögum um verndun, nýtingu og umgengni við hreindýrin, þ.e. 14. gr. laganna.

¹ Heimild: Lagastofnun Háskóla Íslands 1991.

Samkvæmt 5. mgr. 7. gr. laganna er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá lögunum í vissum tilfellum og meðal annars í þeim tilgangi að fanga hreindýr til ræktunar og undaneldis. Þar segir „Ráðherra getur að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágur til veiða á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar ef nota á þau við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis.“

Sérstaklega er fjallað um veiðar og stjórnun veiða og meðferð hreindýrastofnsins í 14. grein laganna. Í samræmi við löginn getur umhverfis- og auðlindaráðherra ákveðið að leyfa veiðar úr hreindýrastofninum ef Umhverfisstofnun telur að stofninn þoli veiðar. Skal ráðherra, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, ákveða árlegan kvóta dýra sem má fella eftir kyni dýra og veiðisvæðum og auglýsa hann. Jafnframt skal hann ákveða og auglýsa leyfisgjald fyrir veiðiheimildir. Veiðigjaldið skiptist í þrjá hluta, gjald til Umhverfisstofnunar fyrir umsýslu og veiðistjórnun, gjald til Náttúrustofu Austurlands til rannsókna og vöktunar á stofninum og til greiðslu arðs til landeigenda vegna ágangs hreindýra.

Settar hafa verið þrjár reglugerðir á grundvelli laganna. Reglugerð nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða fjallar meðal annars um framkvæmd hreindýraveiða, eftirlit með veiðunum og rannsóknir á hreindýrastofninum. Í reglugerð nr. 478/2003 um skiptingu arðs af hreindýraveiðum er kveðið er á um viðmið og reglur um það hvernig arði af sölu veiðileyfa skuli skipt milli landeigenda eftir ágangssvæðum. Samkvæmt reglugerð nr. 242/2012 um verklegt skotpróf vegna hreindýraveiða er markmið reglugerðarinnar að tryggja að leiðsögumaður og veiðimaður hreindýra hafi færni til að fella hreindýr á mannúðlegan hátt og að veiðimaðurinn þekki vopnið sem hann notar við veiðarnar.

5 ÍSLENSKI HREINDÝRASTOFNINN


Hreindýr voru flutt inn á seinni hluta 18. aldar frá Finnörk og hafa verið hér í um 240 ár. Þau voru flutt til landsins í fjórum áföngum á grundvelli tilskipunar frá danska konungnum frá 1751. Fyrstu dýrin, 13 eða 14, voru flutt inn árið 1771 frá Sörö í Finnörk til Vestmannaeyja. Nokkur þessara dýra voru fljótlega flutt á Landeyjasand og síðan í Fljótshlíðina. Næsti innflutningur var árið 1777 frá sama stað en þá voru 23 dýr flutt til Hafnafjarðar. Í þriðja skiptið voru 35 hreindýr flutt inn árið 1784 frá Kautokeino í Finnörk til Eyjafjarðar og síðast komu svo önnur 35 dýr árið 1787 frá Avjovarre í Finnörk til Vopnafjarðar. Tilgangur innflutningsins mun hafa verið að efla íslenskan landbúnað og stóð jafnvel til að senda hreindýrabændur til að kenna Íslendingum hreindýrabúskap. Það varð aldrei af þeim áætlunum og virðist áhugi hafa verið takmarkaður.

Hreindýrin hafa ávallt verið villt og nýtt sem slík eftir því sem lög og reglur hafa heimilað. Víðast hvar undu þau hag sínum vel og fjölgaði en samhliða kvörtnuðu bændur undan ágangi á land þeirra og samkeppni við búpening. Bændur höfðu einnig áhyggjur af því að þau eyddu fjallagrösum. Á 19. öld urðu hreindýrin líklega flest fyrir miðja öldina en

fækkaði síðan. Eflaust hefur stofninn sveiflaðist eitthvað en heimildir eru af skornum skammti. Helstu ástæður fækkunar hafa eflaust verið erfitt tíðarfar og ofbeitt í vetrarhögum. Á fyrri hluta 20. aldar voru hreindýrin horfin nema örfá hundruð dýr við norðausturhorn Vatnajökuls.


5.1 HREINDÝRIN 1940-2014

Um 1940 urðu þáttaskil í sögu hreindýranna er löggin um verndun og eftirlit með hreindýrunum voru sett. Helgi Valtýsson (1945) hafði kannaði fjölda eftirlifandi hreindýra í landinu árið 1939 og taldi hann þau vera um 100. Í framhaldi var eftirlitsmaður ráðinn með hreindýrastofninum sem m.a. sá um árlegar talningar og fækkun tarfa. Í kjölfarið fjölgaði dýrunum og þau dreifðust víða um Austurland (1. mynd). Fjöldi hreindýra var kominn upp undir 4000 um 1970 en síðan fækkaði aftur í stofninum á níunda og tíunda áratugnum og var hann kominn niður undir 3000 dýr um aldamótin.



1. mynd. Vöxtur hreindýrastofnsins 1940-2013 (rautt) byggt á niðurstöðum sumartalninga (blátt) og áætluðum fjölda hreindýra á Austfjörðum (grænt). (Skarphéðinn G. Þórisson og Kristín Ágústsdóttir 2014).

Talið er að stofninn hafi tvöfaldast eftir árið 2000. Sumarstofninn hefur verið áætlaður um 6000 dýr síðustu ár (2. mynd). Sumarið 2014 var um 60% stofnsins dreifður frá Héraðsflóa suður í Suðursveit. Afgangurinn tilheyrir Snæfellshjörðinni sem skiptist í Norðurheiðahjörð (15-20%) og Fljótaldshjörð (20-25%). Síðustu árin hefur hluti Snæfellshjarðar gengið á veiðisvæðum 6 og 7 í júlí.



2. mynd. Þróun hreindýrastofnsins 2000-2015 samkvæmt stofnstærð í júlí, skipt í Fljótsdalshjörð (sumartalning), Norðurheiðahjörð (áætlun) og Fjarðahjarðir á svæðum 3-9 (áætlun) (Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2015).

5.2 DREIFING

Einu eftirlifandi hreindýrin í landinu um 1940 voru norðan við austanverðan Vatnajökul eða á svo kölluðum Snæfellsöræfum. Er þeim fjölgaði leituðu þau út á heiðarnar á hásléttu Austurlands. Útbreiðslan hélt áfram um Austfirðina og rétt fyrir 1980 voru þau komin á Mýrar. Þar er þeim markvisst haldið niðri með veiðum til að tryggja að þau leiti ekki vestur fyrir Jökulsá á Breiðamerkursandi. Vesturmörk útbreiðslu dýranna norðan Vatnajökuls eru um Kverká, Kreppu og Jökulsá á Fjöllum. Á síðustu árum hefur dýrum á Norðausturlandi fjölgað mikið og þess vegna var veiðisvæði 1 stækkað til norðurs 2014 en fyrir fylgdu mörkin Vopnafirði (3. mynd).


5.2.1 Hjarðir

Er hreindýrin dreifðust um Austurland kom að því að hægt var að skipta staðbundnum hópum í afmarkaðar hjarðir (1. tafla) sem hver gekk á ákveðnu svæði (3. mynd). Var það fyrst og fremst gert til að auðvelda veiðistjórnun og arðsútreikninga. Skýrt skal þó tekið fram að út- og innflutningur er í öllum hjörðunum þó í mismiklu mæli sé.

1. tafla. Skipting hreindýrastofnsins í hjarðir, stærð haga og fjöldi veturinn 2014 og áætlaður fjöldi í júlí 2015 (Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2015).

Svæði	Hjörð	Vetur 2014-15	km ²	Dýr/km ²	Júlí 2015	þ.a. kálfar
1	Norðurheiðahjörð	900	9363	0,10	1125	225
2	Fljótsdalshjörð	600	3742	0,16	750	150
1&2	Snæfellsbjörð	1500	13105	0,11	1875	375
3	Víknahjörð	300	980	0,31	375	75

4a	Seyðisfjarðarhjørð	100	590	0,17	125	25
4b	Mjóafjarðarhjørð	80	70	1,14	100	20
4c	Vellir A	40	195	0,21	50	10
4	Fjarðahjørð	220	855	0,26	275	55
5a	Sandvíkurhjørð	200	360	0,56	250	50
5b	Reyðarfjarðarhjørð	150	310	0,48	125	25
5	Fjarðabyggðahjørð	350	670	0,52	438	88
6	Axarhjørð	600	1200	0,50	750	150
7	Álftafjarðarhjørð	1400	1090	1,28	1750	350
8	Lónshjørð	400	1030	0,39	500	100
9	Mýrahjørð	300	500	0,60	375	75
	Samtals	5070	19430	0,26	6338	1268



3. mynd. Hreindýraveiðisvæði á Austurlandi 2014 (Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2015).

5.2.2 Nýting


Hreindýr hafa alltaf verið nýtt hér sem villt dýr. Fyrst eftir 1940 voru bara veiddir tarfar sem hreindýraeftirlitsmaður sá um en 1954 var 600 dýra kvóta skipt á milli 12 sveitarfélaga án tillits til kyns og aldurs. Eftir því sem dýrunum fjölgaði og dreifðust fjölgaði sveitarfélögum sem nutu góðs af þeim og urðu flest 32 árið 1983. Eftirlitsmaður var valinn í hverju sveitafélagi til að halda utan um veiðarnar. Sportveiði var heimiluð frá 1958 til 1972. Menntamálaráðuneytið fór með yfirstjórn hreindýramála en 1990 færðust þau til umhverfisráðuneytisins. Veiðistjóra var falin vöktun stofnsins og 1992 var Hreindýraráð stofnað sem sá um veiðarnar. Austurlandi var skipt upp í níu veiðisvæði sem endurspegluðu að miklu leiti hjarðirnar. Kvótinn var kynja- og aldursskiptur og sportveiðar heimilaðar. Árið 2000 var Náttúrustofu Austurlands falin vöktun

hreindýrastofnsins og 2003 færðist veiðistjórnunin frá Hreindýraráði yfir til Umhverfisstofnunar. Náttúrustofa Austurlands gerir árlega tillögu að veiðikvóta og ágangssvæðum til Hreindýraráðs sem leggur sínar tillögur fyrir Umhverfisstofnun. Hún metur einnig ágang á einstakar jarðir. Umhverfisstofnun gerir síðan tillögu að veiðikvóta og skiptingu veiðisvæða til umhverfis- og auðlindaráðherra sem ákveður og auglýsir árlegan veiðikvóta og ágangssvæði. Umhverfisstofnun auglýsir og selur síðan veiðileyfi til hreindýraveiða. Arði af veiðunum að frádregnum greiðslum til Umhverfisstofnunar og Náttúrustofu Austurlands er árlega skipt á jarðir á ágangssvæðunum og haustið 2013 var arðinum skipt á jarðir á 19 ágangssvæðum (2. tafla).

2. tafla. Tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2015 (raudir stafir), skipting hans á ágangssvæði og samanburður við 2014 (Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2015).


	Ágangssvæði	2015			2014			Δ 2014 vs2015	
		♀	♂	Σ		♀	♂		Σ
1	Vopnafjörður og NA	100	40	140	1	42	38	80	60
2	Jökuldalur og Selland	50	53	103	2	45	53	98	5
3	Jökulsárhlið utan Sellands	4	10	14	3	4	10	14	0
4	Hróarstunga	2	5	7	4	2	5	7	0
5	Fell	3	5	8	5	3	5	8	0
6	Fljótsdalur	34	10	44	6	34	10	44	0
7	Borgarfjörður og Víkur	48	30	78	7	40	37	77	1
8	Hjaltastaðabíngá	3	10	13	8	3	10	13	0
9	Eiðabíngá	3	13	16	9	3	13	16	0
10	Vellir	10	20	30	10	10	20	30	0
11	Skriðdalur	47	59	106	11	42	57	99	7
12	Mjóí- og Seyðisfjörður	18	14	32	12	8	14	22	10
13	Eski- og Norðfjörður	20	35	55	13	20	35	55	0
14	Reyðarfjörður	15	8	23	14	20	8	28	-5
15	Breiðdalur	37	53	90	15	33	50	83	7
16	Djúpivogur	260	190	450	16	245	185	430	20
17	Lón	45	31	76	17	45	31	76	0
18	Nes	23	14	37	18	23	14	37	0
19	Mýrar og Suðursveit	60	30	90	19	35	25	60	30
	Samtals	782	630	1412		657	620	1277	135

Hreindýraveiði hefur verið breytileg í gegnum tíðina. Áætluð veiði af heildarstofni var 13-21% frá 1954 en aldrei meiri en í upphafi 21. aldar (4. mynd).




4. mynd. Meðalhlutfall veiddra dýra af heildarstofni á sex tímabilum frá 1943 (Skarphéðinn G. Þórisson og Kristín Ágústsdóttir 2014).

Fallþungi veiddra dýra er notaður til að fylgjast með atgervi dýranna. Þó svo að hann sveiflist á milli ára og sé mismunandi á milli svæða (5. mynd) hefur hann nær alltaf verið eins og best gerist í norskum hreindýrastofnum.



5. mynd. Samanburður á meðalfallþunga mylkra 3-5 ára kúa á mismunandi svæðum 2008-2014 (sýnastærð innan sviga). Veidiskýrslur Hreindýraráðs og Umhverfisstofnunar (Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2015).

Til að tryggja atgervi dýranna og að þau gangi ekki á gæði landsins er stefnt að því að halda vetrarþéttleika þeirra undir einu dýri á km². Staðan í þeim efnum 2012 er sýnd á 6. mynd. Brugðist var við of miklum þéttleika á svæði 7 með auknum veiðum.



6. mynd. Stærð veiðisvæða án auðna og þéttleiki hreindýra að vetri. Lárétt lína markar 1 dýr á km². Skipting í veiðisvæði og þéttleiki í högum í vetrarbyrjun 2012 (Skarphéðinn G. Þórisson og Kristín Ágústsdóttir 2014).

3. tafla. Friðun, veiði og vöktun hreindýra 1787-2014. Yfirlit um helstu ákvarðanir stjórnvalda um friðun, veiðar og vöktun hreindýra frá því að hreindýrin voru flutt til landsins.

1787	Alfriðun
1790	Tarfaveiði í Eyjafirði (20 árlega)
1794	Takmörkuð veiði í Þingeyjar- og Múlasýslum
1798	Óheft tarfaveiði
1817	Óheft veiði nema kálfar friðaðir
1849	Algjör ófriðun
1882	Friðun frá 1. janúar til 1. ágúst
1901	Alfriðun
1939	Tarfaveiði heimiluð (að meðaltali skotnir 38 árin 1943-1953) - eftirlitsmaður ráðinn
1954	600 dýra kvóti skipt á 12 hreppa, urðu flestir 32 árið 1983 – eftirlitsmenn sjá um veiðarnar
1958	Veiðifélögum og einstaklingum heimilaðar veiðar
1972	Sala veiðileyfa bönnuð
1983	Jökuldælingar heimilað að selja íslenskum sportveiðimönnum leyfi – felt niður 1984
1990	Umhverfisráðuneyti tekur við hreindýrum af Menntamálaráðuneyti, vöktun falin embætti Veiðistjóra
1992	Hreindýraráð stofnað til að sjá um hreindýrveiðar, sala veiðileyfa leyfð, leiðsögumenn
2000	Náttúrustofu Austurlands falin vöktun hreindýrastofnsins
2003	Umsýsla með hreindýrveiðum flutt til Umhverfisstofnunar

5.3 BEIT OG BEITARÁLAG

Fram til þessa hafa fáar rannsóknir verið gerðar á fæðu, beitarlöndum og beitaráhrifum hreindýra á Íslandi. Ítarlegasta rannsóknin er rannsókn Kristbjörns Egilssonar, Náttúrufræðistofnun Íslands, „Fæða og beitalönd íslensku hreindýranna“ sem unnin var fyrir Orkustofnun vegna fyrirhugaðra virkjana á Jökulsá í Fljótsdal og Jökulsá á Dal². Rannsóknin var gerð á hálendi Austurlands; Vesturöræfum, Fljótsdalsheiði og Jökuldalsheiði á árunum 1980-1982. Könnuð var samsetning fæðunnar og ástand og

² Skýrsla Orkustofnunar, OS-83073/VOD-07, Reykjavík, september 1983.


nýting hreindýrahaganna. Það sem hér fer á eftir byggir að mestu leiti á framangreindri rannsókn ef annað er ekki tekið fram.

5.3.1 Beiti

Helstu einkenni við beiti hreindýra eru að dýrin rása um við beiti, eru ekki lengi á sama stað, þau eru nákvæm í plöntuvali og sækjast t.d. eftir efri hluta fléttna, blöðum og blómendum stara og grasa, brumum, blöðum og stöngulendum. Við venjulegar aðstæður verður ekki vart við að dýrin bítu plöntur niður við rót. Í sumum beitarhögum hreindýra hefur komið í ljós að fléttur eru uppétnar á tilteknum svæðum og vantar nánast alveg. Fléttur skipta hins vegar ekki megin máli í fæðu hreindýra að sumarlagi. Á Íslandi herja engar skordýraplágur á hreindýr og hefur það vafalaust áhrif á ástand dýranna til hins betra. Beitarími hreindýra er misjafn eftir árstíma, er um 80% af sólarhring rétt eftir burð en lægstur um 63% um hávetur.

Beitarhegðun hreindýra er þannig að þau bíta lítið af hverri plöntu og stoppa stutt við á hverjum stað og minnkar mjög hættu á ofbeiti eða eyðileggingu á gróðri og töfum á vexti plantnanna.

Á fengitíma bíta tarfar lítið og eyða orku og eru því oft illa búnir undir veturinn. Eins nýtist beitarími kúa og kálfa ekki alltaf vegna ágangs tarfa. Hreindýr þurfa oft að afla fæðu undan snjó og nýta sér þá lyktarskynið til að finna plöntur. Stór hluti beitaríma getur farið í að krafsa eftir fæðu og getur eðli snjóalaga verið afgerandi hvað varðar afkomu hreindýra að vetrinum.



7. mynd. Fæðuval hreindýra á mismunandi árstímum og stöðum (Kristbjörn Egilsson 1983).

Á sjöundu mynd má sjá annars vegar fæðuval hreindýra á Vesturöræfum/Eyjabökkum að sumarlagi og hins vegar fæðuval hreindýra á Fljótsdalsheiði og Jökuldalsheiði haust, vetur

og fram á vor. Um helmingur sumarfæðu hreindýranna voru grös og starir (einkímbloðungar), einkum stinnastör, en rúmur þriðjungur var grávíðir og grasvíðir. Haust-, vetrar- og vorbeit mótast af framboði fléttna. Á Fljótsdalsheiði þar sem hreindýrin hafa gengið mjög nærri fléttum voru einkímbloðungarnir vallarsveifgras, stinnastör og túnvingull og runnarnir sauðamergur og krækilyng svo og holtasóley um 80% af fæðunni en fléttur aðeins 3%. Á Jökuldalsheiði var gnægð fléttna og þar voru þær um helmingur af fæðunni á þessum tíma (þ.a. fjallagrös 38%) á kostnað runna en einkímbloðungarnir vallarsveifgras, túnvingull og stinnastör tæpur þriðjungur.

Hreindýr bíta margar tegundir plantna en fléttur takmarkað á sumrin en þær eru hins vegar mikilvægur þáttur í vetrarfæðu hreindýra þó þau komist vel af án fléttna t.d. eins og á Svalbarða.

Í fyrrgreindri rannsókn Kristbjörns Egilssonar (1983) kom í ljós að sumarhagar Fljótsdalshjarðar voru nær fléttulausir en ekki var vitað hve lengi það hafði varað og er svo enn. Litlar rannsóknir hafa farið fram hér á landi á vexti fléttna, þoli þeirra gagnvart beit og traðki og gildi þeirra í fæðu hreindýra.

Í ljós hefur komið að þar sem hreindýr hafa verið flutt á ný svæði eru til dæmi um að á fáum árum hafi þau étið upp allar fléttur á svæðinu og valdið ofbeit á öðrum gróðri. Hreindýr voru t.d. flutt til South Georgia í sunnaverðu Atlantshafi árið 1909 og hafa valdið þar svo miklum breytingum á gróðri og jarðvegseyðingu að ákveðið var fella þau öll.³

Traðk hreindýrahjarða getur einnig á stuttum tíma breytt gróðurfari. Þegar 550 dýr voru t.d. flutt á óbeitt land nálægt Nome í Alsaka þar sem m.a. krækilyngs-starar-mólendi með fléttum var ríkjandi kom í ljós að eftir eitt sumar höfðu 68 % fléttanna verið eyðilagðar, losnað eða verið bitnar. Traðk og krafs getur valdið skemmdum við ákveðin skilyrði að vetrinum en veldur ekki alltaf skemmdum en stærð beitolandsins og þéttleiki dýranna hefur hér áhrif. Svæði geta verið lengi að jafna sig og dæmi eru um svæði sem hafa verið friðuð fyrir hreindýrabeit en hafa ekki náð sér eftir 30 ár.

5.3.2 Beitarálag

Hreindýrunum hér á landi fjölgaði hratt eftir að þau höfðu verið flutt til landsins og dreifðust þau víða. Samhliða fjölgun fóru að berast kvartanir til yfirvalda um að þau spilltu högum og ætu upp fjallagrös. Leiddi það til þess að takmörkuð veiði var heimiluð árið 1790 og þau algjörlega ófriðuð 1849. Árið 1901 voru þau síðan alfriðuð en veiðar undir eftirliti leyfðar 1939 og hefur svo verið síðan.

Burðarþol hreindýrahaga er ekki þekkt hér á landi en er síbreytilegt á milli ára og árstíða. Grófir útreikningar á þéttleika hreindýra benda til þess að þéttleiki sé víðast hvar innan ásættanlegra marka eða undir 1 dýr/km² í vetrarhögum. Finna má dæmi um offjölgun

³ http://en.wikipedia.org/wiki/Reindeer_in_South_Georgia

hreindýra og skemmdir á gróðri og landi í kjölfarið m.a. frá Norðfjarðarsvæðinu og Víkunum sunnan Borgarfjarðar eystri á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.

Árið 1975 voru hreindýr talin vera um 300 í Sandvíkurhjørð en fjöldinn tvöfaldaðist á næstu 10 árum. Í lok níunda áratugarins var brugðist við þessu og dýrunum fækkað. Þegar Sandvíkurhjørðin var talin of stór á 9. áratug síðustu aldar var þéttleikinn um 1.7 dýr/km². Ekkert benti þá til þess að dýrin leituðu út af svæðinu. Erlendis er víða talið æskilegt að þéttleiki fari ekki mikið yfir eitt dýr á ferkílómetra að vetrarlagi. Erfitt er að segja til um þéttleika íslenskra hreindýra á 19. öldinni en á þeirri 20. eru örfá dæmi um hnignun gróðurs á einstaka svæðum vegna vetrararbeitar í erfiðu árferði. Hafi það gerst hefur hreindýrum í kjölfarið verið fækkað og sú reynsla yfirferð á önnur svæði. Þó er það þannig að einstaka fimbulvetur getur lagst hart á gróður og hreindýr óháð fjölda þeirra.

Beitaratferli hreindýra og sauðfjár er mjög ólíkt. Hreindýr fara, rása, yfir stór svæði en sauðfé er staðbundnara og þrautnagar oft ákveðin svæði þó betri hagar séu fyrir hendi. Meiri hættu virðist vera á staðbundinni ofbeit af völdum sauðfjár en hreindýra nema e.t.v. í jarðbönnum að vetri.

Fléttur eru líklega ekki nýttar af sauðfé svo neinu nemi. Hreindýr nýta runna og starir mun meir en sauðfé. Elftingar og tvíkímblöðungar eru líka stærri þáttur í fæðu hreindýra en sauðfjár. Sumstaðar er 40% af fæðu hreindýra fléttur og elftingar, og mosar slæðast með, þar sem það kemur ekki fyrir hjá sauðfé. Einhver samkeppni er líklega milli hreindýra og sauðfjár, þó líklega aðallega ef þrengist um í högum.

Í rannsókn á gróðurtegundum sem hreindýr bíta að jafnaði sem prófessor dr. Anna Guðrún Þórhallsdóttir⁴ vann fyrir allmörgum árum var niðurstaðan sú í stórum dráttum, að hreindýr bíti 70% sömu grös og sauðkindin að sumri. Miðað við lífþyngd mætti ætla að hreindýrskýr á beit yfir sumarmánuði þyrfti álíka mikið fóður og ein sauðkind. Hreintarfur þyrfti þá ca. fóður á við 1,5–2 sauðkindur (lömb og kálfar ekki reiknað með).

Hreindýr á Austurlandi hafa ekki valdið skaða á beitalandi nema í undantekningartilfellum að vetrarlagi þegar mikil jarðbönn eru vegna snjóá. Nokkuð ber á trjáskemmdum í ungskógum, einkum lerki, er dýrin skrapa af greinar og börk með hornunum. Eru það einkum ungir tarfar sem láta þannig. Ekki er talið að hreindýrin valdi miklum spjöllum á skógrækt í heildina þó einstakir bændur geti orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni⁵.

Til að meta hvort heimila eigi hreindýraeldi á einstökum jörðum verður að fara fram mat á því hvað jarðirnar þola mikla beit. Eins og fram hefur komið eru ekki til beitarþolsrannsóknir hér á landi sem hægt er að styðjast beint við ef gera á slíkt mat. Gera verður ráð fyrir því að halda verði eldisdýrum og villtum dýrum aðskildum sem leiðir af sér að ekki verður um eiginlega afrétti að ræða og land undir hreindýraeldi því takmarkað við ákveðin svæði þar sem stjórna verður beit dýranna með einhverjum hætti. Ekki er

⁴ Anna Guðrún Þórhallsdóttir 1981. Beitvalg hos sau og rein på Vesturöræfi Island. Hovedoppgave ved Norges landbrukshøgskole, Institut for Naturforvaltning (handrit), 107 bls.

⁵ (Böðvar Þórisson og Skarphédinn Smári Þórhallsson 2002).

enn ljóst hvort eða hvernig er hægt að girða lönd sem nýtt verða undir hreindýraeldi t.d. þar sem er snjóþungt. Forsenda þess að hægt sé að meta beitarþol er að fram fari fyrrgreindar rannsóknir. Þó að það hafi verið metið sem svo að ofbeit sé ekki þar sem þéttleiki dýra er um 1 á ferkílómeter að vetri þá verður að skoða þetta bæði m.t.t. til þess að dýrin verða á afmörkuðum svæðum og geta ekki reikað ótakmarkað um auk þess sem gera má ráð fyrir að þau verði frekar á láglendari svæðum en villtu dýrin. Það er því næsta ógerlegt að meta beitarþol svæða nema í fyrsta lagi að vita hvaða svæði hugsanlega verða tekin undir eldi og að undangenginni úttekt á gróðurfari viðkomandi svæðis ásamt því að fram fari fyrrgreindar beitarþolsrannsóknir á mismunandi svæðum. Vissulega má svo að einhverju marki styðjast við erlendar rannsóknir. Einnig er löngu tímabært að rannsaka fæðuval hreindýra, einkum á láglendi. Núverandi þekking byggir fyrst og fremst á rannsóknum á Snæfellsöræfum frá upphafi níunda áratugs síðustu aldar (Kristbjörn Egilsson 1983).

Beitarrannsóknir

Nauðsynlegt er að rannsaka betur hagagöngu hreindýra, kanna beit þeirra og fæðuval á öllum árstímum og mæla uppskeru. Þetta má síðan nýta, ástamt gróðurkortum til að meta burðargetu hreindýrahaga. Þessar upplýsingar eru ekki eingöngu nauðsynlegar til að meta æskilegan fjölda hreindýra á núverandi búsvæðum þeirra á Austurlandi. Rannsóknir af þessu tagi eru einnig forsenda fyrir faglegum ákvörðunum til að meta burðargetu svæða sem hugsanlega yrðu tekin undir hreindýraeldi ef svo færi að það yrði leyft. Framangreindar rannsóknir eru jafnframt forsenda að umræðu og ákvörðunum um hvort æskilegt sé að flytja hreindýr milli landshluta. Kanna þarf samkeppni við aðra grasbíta en ekki síst þau áhrif sem innflutningur á dýrategund, hreindýrum, inn á ný svæði getur haft á líffræðilega fjölbreytni svæðisins m.t.t. dýra og plantna.

5.4 SJÚKDÓMAR, SJÚKDÓMAHÆTTA OG SÓTTVARNIR

Heimildir um sjúkdómarannsóknir á íslenskum hreindýrum eru fremur rýrar og lítið er til af skráðum og staðfestum tilfellum af smitsjúkdómum í þessum dýrum. Sú vitneskja sem til er, bendir til að íslenski hreindýrastofninn sé afar heilbrigður saman borið við erlenda hreindýrastofna. Þannig er íslenski stofninn laus við bæði kok- og húðbrimsuflugur (kleggjaflugur), en þessar ytri óvætur herja víðast hvar grimmilega á hreindýr. Ýmsar veirusýkingar eru þekktar á útbreiðslusvæðum hreindýra á norðurslóðum, en engin þeirra hefur greinst í íslenska stofninum en tekið skal fram að rannsóknir eru af skornum skammti. Af bakteríusýkingum er talið nokkuð víst að íslenskt hreindýr hafi fundist sjúkt af garnaveiki árið 1963, en garnaveiki er einnig þekkt í hreindýrum erlendis. Þá hefur garnapest (*Clostridium perfringens* týpa D) og lungnapest (*Pasteurella multocida*) einnig verið staðfest í hreindýrum hér á landi. Aðrir mikilvægir sjúkdómsvaldar koma ekki við sögu hér á landi ef frá eru skilin innri sníkjudýr, bæði hníslar og iðraormar.

Hér á eftir verður fjallað um veirusjúkdóma, bakteríusýkingar og sníkjudýr í hreindýrum, sem lýst hefur verið í umfjöllunum um hreindýr.

5.4.1 Veirusjúkdómar

Hundaæði (Rabies)

Hundaæði er sjúkdómur sem öll spendýr geta sýkst af og smitleiðin er eftir bit sýkra dýra. Hundaæði hefur greinst í hreindýrum á Grænlandi. Litið er á Grænland sem svæði þar sem hundaæðisveiran er útbreidd, ekki síst í heimskautaref .

Sjúkdómurinn hefur aldrei greinst á Íslandi.

Smitandi slímhúðarpest (e. Bovine Viral Diarrhea BVD)

Smitandi slímhúðarpest er fyrst og fremst sjúkdómur nautgripa, en mótefni við sjúkdóminum hafa greinst í hreindýrum í Svíþjóð. Sjúkdómurinn hefur aldrei greinst í hreindýrum né öðrum skepnum á Íslandi.

Herpesveira hjartardýra (e. RanHV1)

Herpesveira hefur greinst í hreindýrum erlendis, en aldrei hér á landi.

Talið er líklegt að hreindýr á Grænlandi séu smituð af herpesveiru hjartardýra (RanHV1). Sjúkdómurinn smitast ekki yfir í aðrar dýrategundir eins og nautgripi eða sauðfé. Veiran er þó skyld herpesveiru í nautgripum.

Smitandi munnangur (e. Contagious ecthyma – Orf)

Smitandi munnangur finnst á Norðurlöndum í hreindýrum, en ekki er vitað hvort sjúkdómurinn sé í hreindýrum hér á landi. Sjúkdómurinn er algengur í sauðfé hérlendis og má gera ráð fyrir að hreindýr hafi smitast, en sýking gengur yfir á nokkrum vikum og myndast þá ónæmi, sem oftast varir í mörg ár.

Illkynja slímhúðabólga (Malignant Catarrhal Fever MCF):

Illkynja slímhúðabólga er þekkt í hreindýrum á Norðurlöndunum, en ekki hefur verið rannsakað hvort hún finnist hér á landi. Sjúkdómurinn greinist annað slagið í nautgripum hér á landi, veikin er ólæknandi og dregur dýr til dauða. Sauðfé ber veiruna án þess að sýkjast, en smitar nautgripi og hugsanlega hreindýr við samgang.

Langvinn vanþrifaveiki - riðuveiki (e. Chronic Wasting Disease - CWD)

Langvinn vanþrifaveiki er þekkt í hjartardýrum og svipar að mörgu leyti til riðu. Nýjar rannsóknir benda eindregið til að hreindýr geti tekið þennan sjúkdóm. Sjúkdómurinn tilheyrir sama flokki sjúkdóma og kúariða og riðuveiki í sauðfé og það ætti því varla að koma á óvart, þótt hreindýr tækju riðuveiki. Æskilegt væri að skíma fyrir riðuveiki í íslenskum hreindýrum. Í hreindýri, sem var í nábýli við riðufé á Austurlandi upp úr 1980 sáuust glögg riðueinkenni en sönnun fékkst ekki þar sem sýnin ónýttust.

Riðuveiki í sauðfé var útbreidd á Austurlandi þegar gripið var til skipulegra aðgerða til að útrýma sjúkdóminum. Viðnám, sem miðaði að því að stöðva útbreiðslu á riðuveiki hófst 1978 og fólst í því að riðukindum var lógað strax, hvar sem þær fundust á sýktu

svæðunum. Stjórnvöld tóku þá ákvörðun 1986 að freista þess með öllum ráðum að útrýma veikinni úr landinu. Ákveðið var að farga öllum hjörðum þar sem veikinnar hafði orðið vart síðustu 5 árin og öllu fé bæði sýktum hjörðum og ósýktum á nokkrum svæðum þar sem veikin var mjög útbreidd og herða á öllu eftirliti. Þessar aðgerðir báru fljótt sýnilegan árangur. Síðasta greint riðutilfelli á Austurlandi kom upp árið 2005, í Breiðdal. Mikilvægt er að hafa áfram allan vara á gagnvart riðusmiti í hreindýrum. Það verður best gert með skimun og sýnatökum.

5.4.2 Bakteríusýkingar

Miltisbruni/miltisbrandur (e. Anthrax)

Miltisbruni er bráður smitsjúkdómur, sem miltisbrunabakteríur (*Bacillus anthracis*) valda. Öll húsdýr geta tekið sjúkdóminn, en skæðastur er hann í nautgripum, hrossum og sauðfé. Mörg dæmi eru um að fólk tæki þennan sjúkdóm allt fram á síðustu öld, og oft leiddi hann til dauða, áður en virk lyf gegn honum komu til sögu. Því hefur fólk óttast þennan búfjárjúkdóm meira en flesta aðra. Hér á landi hefur miltisbrandur aldrei náð mikilli útbreiðslu, heldur hefur hann stungið sér niður á einstöku bæjum og valdið þar miklu tjóni og óþægindum. Sýkillinn myndar gró sem geta lifað í jarðvegi áratugum eða jafnvel öldum saman. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því hérlendis, að skrá og merkja alla staði þar sem dýr með miltisbruna hafa verið grafin.

Ekki er vitað til þess að miltisbruni hafi greinst í hreindýrum hér á landi, en veikin hefur verið greind í hreindýrum í Skandinavíu.

Lungnapest – (e. Pasteurellosis)

Sýkingar í lungum með sýklinum *Pasteurella multocida* og öðrum tegundum af *Pasteurella*, t.d. *Mannheimia haemolytica* eru alþekktar í sauðfé hérlendis, og víða er fé bólusettt við lungnapest. Veikin greinist annað slagið í hreindýrum í Svíþjóð og skv. umfjöllun Dýralæknaráðs hefur lungnapest greinst í hreindýri hérlendis. Því er víst að hreindýr hér á landi geti tekið veikina.

Clostrídíusjúkdómar

Sýkingar af völdum þessara sýkla eru alþekktar í sauðfé á Íslandi og eru með algengustu sjúkdómum í lömbum og yngra fé og er sauðfé bólusettt við flestum sýklanna. Svíar nefna sérstaklega sjúkdóm af völdum *Clostridium septicum* þ.e. bráðpest í hreindýrum, en gera má ráð fyrir að fleiri sjúkdómar af þessari tegund geti borist í hreindýr, t.d. garnapest (*Cl. perfringens* týpa D) en einnig stífkrampi (*Cl. tetani*) og jafnvel sýkill sem hefur greinst á síðustu árum hér á landi, *Cl. sordellii* sem veldur bráðri vinstrarbólgu og legeitrun. Erlendis er mælt með að bólusetja hálfvilt hreindýr með blönduðu bóluefni gegn þessum sjúkdómum. Meðan bændur voru að taka hreinkálfa á hús á haustin gekk oft illa að halda í þeim lífi og drápust þeir oft snögglega, líkleg skýring er garnapest.

Garnaveiki (e. Paratuberculosis)

Hreindýr geta tekið garnaveiki. Smithætta er mest, ef þau eru tekin á hús með sauðfé eða nautgripum á sýktum svæðum. Varast æti slíkan samgang, sérstaklega á garnaveikisvæðum.

Sýkillinn *Mycobacterium avium paratuberculosis* veldur garnaveiki, sem er algeng í sauðfé á Íslandi og reynist erfið viðureignar, ekki hefur tekist að útrýma veikinni sem kom til landsins með Karakúlfénu fyrir 80 árum þrátt fyrir bólusetningar og fleiri aðgerðir. Veikin getur einnig borist í nautgripi. Telja verður hættu á að garnaveiki geti borist í hreindýr, þótt veikin hafi ekki fundist í hreindýrum á Norðurlöndum en hún finnst í hreindýrum í Rússlandi, Kanada og Grænlandi⁶. Vegna aukinnar útbreiðslu garnaveiki á Austurlandi, m.a. á nýjum svæðum er áriðandi að skima fyrir garnaveiki í hreindýrum og ætti slíkt ekki að vera flókið mál. Berist garnaveiki í íslenska hreindýrastofninn er mikil hætta á ferðum.

Öldusótt (e. Brucellosis)

Öldusótt eða brúsellósa er af völdum sýkla af tegundinni *Brucella*. Smit berst á milli dýra en getur einnig borist frá dýri til manna. Ein tegund, *Brucella rangiferi*, er þekkt í hreindýrum í Alaska og Rússlandi, en hefur aldrei greinst hér á landi né annars staðar á Norðurlöndunum.

Fótrot (e. Necrobacillosis)

Sýkingar í hreindýrum af völdum *Fusobacterium* sem hefur aðlagast hreindýrum eru þekktar í Noregi. Á sumrin, einkum í hlýindum myndast djúp sár á fótum dýranna, aðallega þó hjá kálfum og ungum dýrum. Oft er sýkingin aðeins á einum fæti og fylgir mikill bjúgur á fætinum og bólgur í sinum og sinaslíðrum.

Orsök þessarar sjúkdómsmyndar er loftfælin baktería, *Fusobacterium necrophorum*. Hún hefur lengi verið þekkt sem orsök sýkinga bæði í mönnum og dýrum. Ýmsum sjúkdómum af völdum *Fusobacterium* í húsdýrum hefur verið lýst, meðal annars graftarkýlum í lifur og lungum hjá sauðfé, svínunum og nautgripum. Annað slagið sjást miklar ígerðir í lifrum hreindýra hér á landi, ekki hefur verið rannsakað hvort umræddur sýkill er orsök.

Hér á landi hefur þessi sýkill upp á síðkastið fundist við ræktun úr sauðfé vegna barkabólgu sem virðist hafa breiðst út á síðustu árum. Ekki er ljóst hvort sýkillinn er orsök sjúkdómsins eða sest þar að eftir að barkabólgan er komin af stað.

⁶ <http://www.bioone.org/doi/abs/10.7589/2011-09-261>.

5.4.3 Sníkjudýr

Sumarið 2003 vann Berglind Guðmundsdóttir frá Þvottá í Álftafirði meistaraverkefni um sníkjudýr í hreindýrum⁷ og kannaði sníkjudýrasýkingar í hreindýrskálfum undir leiðsögn Karls Skírnissonar á Keldum og Skarphéðins G. Þórissonar á Náttúrustofu Austurlands.

Þegar leið á sumarið tóku að finnast egg þráðorma og bandorms, svonefnds mjólkurmaðks, sem einnig sníkja í meltingarvegi sauðfjár hér á landi. Þá voru hreindýrskálfarnir á Mýrum og á Gerpissvæðinu einnig smitaðir af þráðormi af ættkvíslinni *Capillaria*. Þar er hugsanlega um sérstakt hreindýrasníkjudýr að ræða því tegundin hefur ekki fundist í sauðfé hér á landi.

Vísindalega séð vakti þó mesta athygli fundur tveggja tegunda sníkjudýra af ættkvíslinni *Eimeria*. Um er að ræða hýsilsérhæfða einfrumunga sem kallaðir eru hníslar en fjölmargar slíkar tegundir eru þekktar í öðrum dýrum hér á landi, sumar hverjar illræmdir sjúkdómsvaldar, þeir valda þá sk. hníslasótt. Annar hreindýrahnísillinn líkist um margt tegund sem lýst var árið 1936 í Rússlandi en hinni tegundinni hefur enn sem komið er ekki verið lýst í vísindaheiminum þannig að þar er á ferðinni áður óþekkt tegund. Talið er að hníslarnir hafi verið í hreindýrunum sem hingað voru flutt frá Finnörku í lok 18. aldar og að þeir hafi viðhaldist í íslenska stofninum allar götur síðan.

Átta tegundir frumdýra, ein bandormstegund og átta þráðormstegundir fundust í þessari nákvæmstu rannsókn á sníkjudýrum í hreindýrum sem framkvæmd hefur verið hérlendis og er merk heimild um sníkjudýr í hreindýrum.

Frumdýrin sem fundust í rannsókninni eru þessi:

Í saursýnum:

1. *Entamoeba sp.*,
2. *Giardia duodenalis*,
3. *Eimeria mayeri*,
4. *Eimeria rangiferis*,
5. *Eimeria breindyria*.

Í vélinda og þind:

1. *Sarcocystis hardangeri*,
2. *Sarcocystis rangi*,
3. *Sarcocystis tarandivulpes*.

Bandormurinn *Moniezia expansa* fannst í mjógörn.

Þráðormar í vinstur:

1. *Ostertagia ostertagi*,
2. *Teladorsagia circumcincta*,

⁷ Studdt er við meistaraprófsritgerð Berglindar Guðmundsdóttur „Sníkjudýr í hreindýrum á Íslandi“ við Læknadeild HÍ 2006.

3. *Richostrongylus axei*,

Práðormar í mjóögörn:

4. *Capillaria bovis*,

5. *Nematodirus filicollis*,

6. *Nematodirus spathiger*.

Práðormar í langa:

7. *Chabertia ovina*,

8. *Oesophagostomum venulosum*.

Hvorki fundust sníkjudýr í lungum, í feldi eða á húð.

Eimeria rangiferis og *Eimeria breindyrria* voru áður óþekktar tegundir í vísindaheiminum. *Eimeria* og *Sarcocystis* tegundir eru hýsilsérhæfðar og *Capillaria bovis* finnst ekki í öðrum jörturdýrum hér á landi. Þessar tegundir eru taldar hafa borist með hreindýrunum hingað til lands og viðhaldist hér síðan. Hinar tegundirnar tíu eru allar vel þekkt sníkjudýr í grasbítum (einkum í sauðfé, geitum og nautgripum, ein þeirra lifir einnig í hrossum) hér á landi.

Tilraunastöðin að Keldum hefur rannsakað sníkjudýr í hreindýrum og á seinni árum hafa stök dýr og iðrasýni úr nokkrum hreindýrum verið rannsökuð. Sníkjudýrafána íslenska stofnsins telst bærilega þekkt.

Ekki er mikið vitað um ytri sníkjudýr á hreindýrum, en a.m.k. tvær tegundir lúsa hafa greinst á sauðfé á Íslandi, þ.e. fellilús, *Bovicola (Damalinia) ovis*, sem er naglús og færilús *Melophagus ovinus*, sem sýgur blóð. Báðar þessar tegundir fundust á fé fram undir síðustu aldamót en hafa ekki greinst síðan og talið er að tekist hafi að útrýma báðum tegundum. Ekki er vitað hvort þessar lús bárust á hreindýr, en það er fremur ólíklegt.

Á sauðfé fundust líka kláðamaurar, annars vegar var sk. fótakláði sem kláðamaurinn *Chorioptes ovis* veldur, hins vegar er fjárkláðamaurinn *Psoroptes ovis*, hann olli miklum búsisfum áður en öflug baðlyf komu til sögunnar. Yfirleitt eru þessi sníkjudýr tegundabundin og ekki miklar líkur á að þessar tegundir berist í hreindýr.

Fyrir um 10 árum fannst skógarmítill, *Ixodes ricinus* á hreindýrskálfi sem var felldur í Álftafirði.

Á útbreiðslusvæði hreindýra, nema á Íslandi, eru tvær tegundir af flugum, bremsum eða brimsum (e. warble fly) sem geta valdið miklu tjóni í hreindýrabúskap en enn frekar valda bæði flugurnar sjálfar og lirfur þessara flugna dýrunum mikilli streitu og gífurlegur órói skapast í hjörðinni þegar flugurnar birtast. Mikið lán er að þessar flugur hafa ekki náð fótfestu hér á landi. Um er að ræða sníkjuflugur sem verpa eggjum sínum á spendýr; lirfurnar grafa sig inn í hörundið.

Hjá hreindýrunum eru þetta einkum tvær flugutegundir sem nefndar voru í upphafi.

1. Húðbrimsa (*Hypoderma tarandi*)

Lirfustig flugunnar sest að undir húð dýranna.

Flugan verpir eggjum sínum í hársvörð dýranna, einkum á fótum og hrygg. Eftir u.þ.b. 6 sólarhringa verða eggjin að örsmáum lirfum, sem líkjast ormum. Lirfurnar bora sig í gegnum húðina og setjast að undir húð á hrygg hreindýrsins. Þegar lirfurnar hafa sest að nærast þær á blóði og líkamsvessum dýrsins og sjást sem hnúðar undir húðinni. Á haustin bora þær öndunargöt á húðina og vaxa yfir veturinn og verða allt að tomma að lengd. Á vorin bora þær sig síðan í gegnum húðina og falla til jarðar og verða að kynþroska flugu og þær með er hringnum lokað. Þar sem flugan finnst leggst hún á nær öll dýr hjarðarinnar. Með nýrri tegundum af ormalyfjum, eins og Ivermectin eða framþróuðum lyfjum er hægt að drepa lirfurnar, ef lyfið er gefið á réttum tíma, frá nóvember til janúar.

2. Kokbrimsa (*Cephenemyia trompe*).

Nasabrimsur eru svipaðar og húðbrimsurnar en þær verpa við nasaop dýranna en lirfurnar skriða síðan í ennisholurnar og dvelja þar yfir veturinn. Þegar þær fara að stækka á vorin skriða þær niður í kok en eru einnig áfram í ennisholunum. Valda dýrunum miklum óþægindum, þau fnæsa og hnerra til að reyna að losa sig við lirfurnar.

6 HREINDÝR TIL RÆKTUNAR

Hugmyndir um að hefja hreindýraeldi hér á landi byggjast á því að fá hluta villtra dýra til þess að ala og fjölga þeim til þess að koma upp eldisstofni. Þegar eldisstofninn verður orðinn nægilega stór er reiknað með að hægt verði að skila sambærilegum fjölda aftur í villta stofninn. Eldisstofninn mætti síðan nota til þess að hefja dreifingu eldisdýra til annarra bænda sem áhuga hefðu á að taka upp hreindýraeldi.

6.1.1 Afhending hluta stofnsins

Hreindýrastofninn er um þessar mundir talinn vera rúmlega sex þúsund dýr að sumri og kynjahlutfallið um 6 kýr á hverja 4 tarfa. Í stofninum eru skv. því um 2700 kýr og 1800 tarfar og 1500 kálfar í júlí. Áhrifa þess að taka fjölda dýra úr stofninum á einu bretti í þeim tilgangi að koma upp nægilega stórum stofni hreindýra til ræktunar mun væntanlega gæta í hreindýrastofninum í einhver ár á eftir, allt eftir því hvað mörg dýr eru tekin og hvort það er viðbót við árlegan veiðikvóta eða sem hluti af honum. Verði dýrin tekin sem hluti af veiðikvótanum verða áhrifin í samræmi við veiðistjórnunarmarkmið fyrir stofninn í heild, hvað fjöldann varðar, en líklega verður erfitt að tryggja veiðistjórnun eftir veiðisvæðum. Til þess að tryggja það verður að einangra og ná ákveðnum fjölda hreindýra á öllum níu veiðisvæðunum og flytja þau milli landsvæða þangað sem fyrirhugað eldi færi fram. Það verður bæði tímafrekt, kostnaðarsamt og erfitt þar sem engin reynsla er af slíku hér á landi og óvíst er hvernig dýrin bregðist við. Auðveldasta leiðin til að ná eldisstofni verður líklegast að einangra nægilega stórar hjarðir stofnsins á

jaðri útbreiðslusvæðis hreindýranna og smala þeim inn á girt svæði og loka þau síðan af á ræktunarsvæðinu.

Áhrifin af töku dýranna munu helst bitna á veiðimönnum og landeigendum sem samdráttur í fjölda veiðileyfa og arðgreiðslum allt eftir fjölda dýra sem tekinn verður úr veiðinni. Ef dýrin verða tekin sem hluti af veiðiheimildum ársins þýðir það færri veiðileyfi árið sem dýrin verða tekin en væntanlega svipaðan fjölda næstu ár á eftir. Á sama hátt verður samdráttur í arðgreiðslum eingöngu sama árið. Þetta mætti veða upp með því að greiðsla komi fyrir dýrin eins og um sölu veiðileyfa sé að ræða.

Annar kostur er að halda árlegum veiðikvóta og taka til viðbótar ákveðinn fjölda dýra til að koma af stað eldi og mynda eldisstofn. Það leiddi til fækkunar í stofninum umfram veiðistjórnun og hefði líklega í för með sér minni veiðikvóta og lægri arðgreiðslur í einhver ár á eftir meðan stofninn verður byggður upp að nýju. Líklega væri hentugast eins og fyrr er getið að taka ákveðnar hjarðir úr stofninum til eldisins en þá verður fækkun dýranna og samdráttur í arðgreiðslum líklega ekki nema á einu veiðisvæði og hugsanlega nokkrum ágangssvæðum.

Endurnýjunartími stofnsins fer að miklu leiti eftir því hver veiðikvótinn verður árin eftir brottnámið. Með því að minka veiðikvótann verulega mætti stytta endurnýjunartímamann en að sama skapi munu tekjur af veiðum dragast saman og arðgreiðslur til landeigenda minka meðan stofninn er að jafna sig og ná sömu stærð aftur. Meiri veiðikvóti mun hins vegar fela í sér lengri samdrátt í veiði og arðgreiðslum. Afhending 400 hreindýra jafngildir þriðjungi af árlegum veiðikvóta og þýðir þriðjungs samdrátt í tekjum, þ.e.a.s. um 34 milljónir króna og hlutfallslega sambærilegum samdrætti í arðgreiðslum til landeigenda, u.þ.b. 27 milljónum króna. Auk þess munu tekjur til veiðistjórnunar og eftirlits Umhverfisstofnunar og til rannsókna og vöktunar Náttúrustofu Austurlands á hreindýrastofninum dragast saman að sama skapi. Afhending 400 dýra eru ítrustu hugmyndir sem komið hafa fram og gera ráð fyrir að hlutfallið milli kynja verði um 10 kýr og á móti tarfi. Varfærnari hugmyndir gera hins vegar ráð fyrir að fengin verði rúmlega 200 dýr, 200 kýr og um 20 tarfar. Miðað við þann fjölda yrði samdráttur í veiðitekjum tæpar 19 milljónir króna og arðgreiðslum rúmlega 14 milljónir króna. Samdráttur í arðgreiðslum mun væntanlega bitna mismunandi á landeigendum eftir staðsetningu. Arður til landeigenda mun síðan aukast ár frá ári eftir því hvernig veiðistjórnun og endurnýjun verður í stofninum í kjölfar brottnáms dýranna.

Eignarhald

Af álitgerð Lagastofnunar Háskóla Íslands⁸ fyrir umhverfisráðuneytið frá 12. apríl 1991 þar sem fjallað er meðal annars um eignarhald íslenska hreindýrastofnsins og hver hafi rétt til þess að veiða hreindýr kemur fram að „lagalegri stöðu þeirra í upphafi sé best lýst þannig að um beinan eignarrétt tiltekinna aðila að dýrunum hafi ekki verið að ræða, heldur hafi öllum landsmönnum verið ætlaður réttur til frjálstrar nýtingar þeirra, með

⁸ Álitgerð, Lagastofnun Háskóla Íslands, 1991, Björn Þ. Guðmundsson og Davíð Þór Björgvinsson.

þeim takmörkunum sem kynnu að leiða af beinum lagafyrirmælum eða réttindum annarra, t.d. vegna eignarhalds á landi.“ Alla tíð frá 1790 hafa verið í gildi lagaboð um verndun og nýtingu hreindýranna og löng hefð fyrir lagaboðum um það hvernig skuli með stofninn fara og að þeir sem nýti hann geri það á grundvelli þeirra lagaheimilda sem um dýrin hafa gilt á hverjum tíma. Í álitserðinni kemur fram að í einkaréttarlegum skilningi komi ekki fram í lagafyrirmælum eða reglum sem settar hafi verið á grundvelli þeirra hver sé eigandi hreindýrastofnsins. Niðurstaða álitserðarinnar er að eðlilegt sé „að líta svo á að hreindýrastofninn sé ekki háður beinum eignarrétti eins eða neins í einkaréttarlegum skilningi. Það er hins vegar viðurkennd meginregla samkvæmt íslenskum rétti að löggjafinn getur sett reglur um meðferð og nýtingu verðmæta eins og hreindýra, þó ekki sé um beint eignarréttarlegt tilkall ríkisins að ræða.“

Í samræmi við þessa niðurstöðu Lagadeildar Háskóla Íslands hefur umhverfis- og auðlindaráðuneytið sett reglugerðir um umsjón, verndun, veiðar og stjórnun hreindýrastofnsins á grundvelli laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

6.1.2 Fordæmi

Ekki verður séð að lagaákvæðum eða reglum sem sett hafa verið á grundvelli þeirra að heimilt sé að gera greinamun á aðilum eða taka einn fram yfir annan í afhendingu villtra dýra til eldis. Í umfjöllun um beiðnir um undanþágur til þess að fanga hreindýr til eldis og til þess að koma upp eldishjörð er nauðsynlegt að fjalla um alla þá þætti sem skipta máli varðandi föngun hreindýranna og alla aðstöðu og aðstæður sem dýrunum verður búin, hvernig staðið verður að ræktuninni og hvernig heimilt verður að ráðstafa dýrum sem úr ræktuninni koma.

Mikilvægt er að það verði skýrt ef tekin verður ákvörðun um að heimila föngun dýra úr hreindýrastofninum til þess að hefja eldi hvernig farið verði með umsóknir frá þeim sem hefðu hug á að hefja hreindýraeldi. Gæta verður jafnræðis í umfjöllun og veitingu leyfa til föngunar hreindýra. Verði ákveðið að heimila slíkt þyrfti að liggja fyrir strax í upphafi hvort fleiri en einum aðila verði heimilað að fanga dýr til eldis og hvort umsækjendur þurfi að uppfylla einhver skilyrði til þess að fá heimild til þess að fanga hreindýr til eldis. Verði ákveðið að eingöngu verði heimilað að fanga dýr til þess að koma upp eldisstofni sem síðan verði dreift til fleiri aðila þarf að setja skýrar reglur um dreifingu hreindýra frá uppeldisstaðnum og á hvaða landsvæðum heimilt verði að taka upp eldi hreindýra. Mikilvægt er að fyrir liggi hvort tekið verði gjald fyrir afhent dýr eða hvort þau verði afhent án endurgjalds.

Líklegt er að hreindýrahjörð sem á að standa alfarið undir fjölskyldu á Íslandi þurfi að vera um 1000 dýr ef marka má eftirfarandi; „.....*Okkar markmið er að fjölga okkar dýrum í 4000 því þá gæti það verið lífsviðurværi fyrir fjórar fjölskyldur....*“ (Björn Magnússon og Stefán Hrafn Magnússon bréf dags. 7. júlí 2013). Í lögum um hreindýrabúskap í Noregi (Lov om reindrift (reindriftsloven) av 15. juni 2007) er reiknað með að hver hjörð tilheyri ákveðinni einingu sem kallast Siida en í henni voru 5,5 einstaklingar að meðaltali í Finnmörk 2007. Þá tilheyrðu um 600 hreindýr hverri Siida að meðaltali. Í lögnum er

talið að 250 hreindýr séu lágmarksfjöldi á Siida til að hreindýraeldið beri sig. Þess má geta í þessu sambandi að hreindýraeldi á Norðurlöndunum nýtur margvíslegra og umtalverðra styrkja.

6.1.3 Arðgreiðslur

Landeigendur á þeim landsvæðum þar sem hreindýrin ganga hafa fengið greiddan arð vegna ágangs hreindýra á beitarlönd frá því að lögin um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum tóku gildi. Arðurinn er reiknaður út og greiddur í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 487/2003 um skiptingu arðs af hreindýraveiðum. Yfirlit um arðgreiðslur til landeigenda/ábúenda á árunum 2010 - 2014 er að finna í 4. töflu. Árið 2010 var greiddur arður til 857 aðila en veiðikvóti ársins var 1272 dýr. Veiðikvótinn var heldur lægri árin 2011 og 2012 eða rétt rúmlega þúsund dýr en árið 2013 var kvótinn kominn í 1229 og árið 2014 í 1277 dýr, sjá einnig 8. mynd. Fjöldi aðila sem fá greiddan arð hefur fjölgað á hverju ári. Breyting var gerð á veiðisvæði 1 árið 2014, en á undanförunum árum hafa hreindýrin verið að færa sig til norðurs og var því ákveðið að stækka veiðisvæði 1 til norðurs og bæta við Langanesbyggð, Svalbarðshreppi og gamla Fjallahreppi sem nú er hluti Norðurþings. Frá árinu 2012 var gjaldtaka fyrir veiðileyfi einfölduð og sama verð greitt fyrir tarfa á öllum svæðum eða 135.000 kr. fyrir tarfann, en 80.000 kr. fyrir kú. Áður var verðið misjafnt eftir svæðum og kyni, hærra verð á veiðisvæði 1 og 2. Lægra verð veiðileyfa skýrir lægri arðgreiðslur árið 2010, þrátt fyrir sambærilegan kvóta og árið 2014, en heildararðgreiðslur árið 2010 námu 77.723.950 kr en voru 108.146.500 kr árið 2014.

4. tafla Yfirlit yfir arðgreiðslur til landeigenda fyrir hreindýraveiðar frá 2010 til 2014 skipt eftir ágangssvæðum. Jafnframt er tilgreindur fjöldi aðila sem fengið hefur greiddan arð á ár. Upplýsingar frá Umhverfisstofnun.

Ágangs- svæði	Arðsvæði	Arður og felligjöld 2014	Arður og felligjöld 2013	Arður og felligjöld 2012	Arður og felligjöld 2011	Arður og felligjöld 2010
1	Vopnafjörður*	6.860.000	6.012.000	3.323.000	3.276.000	2.356.200
2	Jökuldalur	8.657.500	9.502.000	11.904.000	14.342.500	15.497.750
3	Jökulsárhlíð	1.357.000	2.022.000	1.937.000	2.019.500	1.678.350
4	Hróarstunga	663.500	679.000	1.727.000	2.441.000	2.967.300
5	Fell	719.000	741.000	2.750.000	3.920.500	4.731.150
6	Fljótsdalur	3.786.500	3.683.000	9.504.000	11.693.000	13.629.500
7	Borgarfjörður	6.648.500	6.427.000	6.950.000	3.935.500	3.565.950
8	Hjaltastaðáþinghá	1.316.500	1.386.000	1.941.000	1.991.000	1.863.750
9	Eiðaþinghá	1.613.000	1.667.000	2.084.000	1.810.000	1.608.550
10	Vellir V	1.578.500	1.231.000	1.207.000	1.482.000	1.558.550
10	Vellir A	1.361.500	1.341.000	301.000	126.000	365.400
11	Skriðdalur V	1.955.500	1.659.000	1.227.000	1.181.000	1.225.800
11	Skriðdalur A	6.883.500	6.812.000	4.434.000	2.802.500	1.806.400
12	Seyðis- og Mjóifjörður	203.6000	2.044.000	2.776.000	1.862.000	1.706.600
13	Eski- og Norðfjörður	5.141.500	4.465.000	2.795.000	1.800.000	4.559.500
14	Reyðarfjörður	2.088.500	2.156.000	2.719.000	2.335.000	1.882.000
15	Breiðdalur	7.601.000	6.587.000	3.006.000	1.578.000	1.098.450
16	Djúpivogur	35.157.000	35.891.000	15.516.000	10.062.500	9.266.250
17	Höfn Lón	5.633.000	5.986.000	4.251.000	3.193.000	4.359.600
18	Höfn Nes	2.606.500	2.778.000	1.484.000	1.220.500	1.609.150
19	Suðursveit og Mýrar	4.482.500	3.773.000	3.493.000	1.179.000	387.750
Samtals greiddur arður		108.146.500	106.842.000	85.329.000	74.250.500	77.723.950
Fjöldi aðila sem fengu arð		1018	962	920	865	857

* Vopnafjörður og viðbættar jarðir í Norðurþingi (gamli Fjallahreppur), Svalbarðshreppi og Langanesbyggð frá 2013

6.1.4 Greiðsla fyrir hjörðina

Miðað við arðgreiðslur til landeigenda vegna ágangs hreindýra og skotveiða á þeirra landsvæðum er óhætt að segja að afhending hluta villta hreindýrastofnsins til einstakra aðila án endurgjalds þýði samdrátt í arðgreiðslum vegna ágangsins það árið. En eins og fjallað er um í kafla 6.5.1 þá gæti annars vegar verið um að ræða samdrátt í arðgreiðslum það ár sem dýrin væru tekin, eða ef dýrin eru tekin umfram kvóta, þá kæmi það niður á arðgreiðslum í nokkur ár á eftir, vegna fækkunar í stofninum umfram veiðistjórnun. Arðgreiðslur taka til ágangs hreindýra og þar er m.a. litið til ágangs síðastliðinna tíu ára. Séu dýrin tekin án endurgjalds, væri ekki greitt fyrir ágang þeirra dýra undangengin ár. Einnig getur það valdið ágreiningi af hvaða svæði dýrin eru tekin, rökstyðja þarf þá vel hvernig það svæði sem dýrin eru tekin af er valið, og af hverju ekki á að koma til greiðsla fyrir dýrin. Nefndin telur því nauðsynlegt að greiðsla komi fyrir dýrin að minnsta kosti eins og um sölu veiðileyfa væri að ræða, verði tekin ákvörðun um að afhenda dýr úr stofninum til eldis.

6.1.5 Skil á dýrum


Nýjustu hugmyndir um undirbúning hreindýraeldis hér á landi gera ráð fyrir því að sambærilegum fjölda dýra sem tekin verði til eldisins verði skilað aftur í villta hreindýrastofninn að nokkrum árum liðnum, eftir því sem eldisstofninn stækkar. Starfshópurinn er sammála um að þetta komi ekki til greina og leggst alfarið gegn slíkum hugmyndum. Það væri glapræði að taka slíka áhættu t.d. út frá sjúkdómahættu. Það stríðir auk þess gegn 23. gr. nýsettra laga um dýravernd þar sem segir að „óheimilt sé að sleppa dýrum sem hafa alist upp hjá mönnum út í náttúruna í þeim tilgangi að þau verði þar til frambúðar“.

7 HAGSMUNAAÐILAR

Fjölmargir aðilar hafa hagsmuna að gæta af verndun og nýtingu hreindýra hér á landi. Árleg veiði hreindýra hefur verið á bilinu frá 800 upp í 1400 dýr á ári síðustu tíu árin, sjá 8. mynd. Auk veiðimanna er fjöldi landeigenda sem verður fyrir ágangi af völdum hreindýra og fá greiddan arð vegna ágangsins beinir hagsmunaaðilar ásamt þeim sveitarfélögum sem útbreiðslusvæði hreindýranna nær yfir. Fjöldi manna hefur atvinnu af þjónustu við veiðimenn, úrvinnslu hreindýraafurða s.s. skinna, beina og kjöts, og loks má geta fjölda erlendra veiðimanna sem hingað koma til hreindýraveiða og þjónustu við þá.

7.1 VEIÐIMENN

Beinir hagsmunaaðilar að veiðum eru meðal annars þeir veiðimenn sem árlega fá úthlutað veiðiheimildum og leiðsögumenn sem þeim fylgja við veiðarnar, um þúsund manns á ári síðasta áratuginn, sjá 8. mynd. Fyrir utan þá sem fá úthlutað veiðileyfum árlega er annar eins fjöldi sem sækir um hreindýraleyfi en fær ekki úthlutað leyfi. Frá 2004 hefur sá hópur stöðugt farið vaxandi og undanfarið hafa þeir verið um 3-4 sinnum fleiri en þeir sem fá úthlutað veiðileyfum. Rúmlega 7.800 veiðimenn hafa heimild til þess að veiða hreindýr hér á landi samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar um veiðiréttindi á útgefnum veiðikortum.



8. mynd. Heildarfjöldi árlega útgefna veiðiheimilda til veiða á hreindýrum frá 1995 og fjöldi umsókna um veiðileyfi frá árinu 2001 til 2015 á öllum veiðisvæðum.

7.2 SVEITARFÉLÖGIN

Aðkoma sveitarfélaga í dag er varðar hreindýrastofninn er í gegnum lög og reglur er ríkið hefur sett þ.e. sem villtan stofn. Sveitarfélögum á útbreiðslusvæði hreindýranna hefur farið fækkandi undanfarin á vegna sameiningar sveitarfélaga en í dag eru þau ellefu. Þá má álykta að sveitarfélög fái óbeint tekjur í formi hækkandi útsvarsgreiðslna þeirra íbúa er fá hreindýraarð. Verði hreindýraeldi að veruleika gjörbreytist staða hreindýra sem tekin verða í eldi frá því að vera villt dýr yfir í búfé og aðkoma sveitarfélaga að búfjárhaldi er önnur og meiri en gagnvart villtum stofni. Gera má ráð fyrir að skilgreina þurfi hreindýr inn í ýmsar samþykktir sveitarfélaga s.s. samþykktir um búfjárhald og samþykktir um lausagöngu búfjár. Varðandi tekjuþáttinn er ekki að vænta mikilla breytinga við hreindýraeldi í smáum stíl, en gera þurfti ráð fyrir kostnaði sveitarfélaga varðandi einhverjar leyfisútgáfur og utanumhald um reksturinn og að greiðsla komi fyrir útgefin leyfi frá hreindýrahaldara.

7.3 LANDEIGENDUR

Einstakir bændur og jarðaeigendur hafa arð af villtum hreindýrum bæði vegna ágangs þeirra á landið og vegna veiða. Árið 2014 fengu 1018 aðilar greiddan arð vegna hreindýraveiða en þeim hefur farið fjölgandi á síðustu árum, sjá 4. töflu. Verði af hugmyndum um hreindýraeldi má gera ráð fyrir að einhverjar tímabundnar breytingar verði þar á þar sem talsverður fjöldi dýra verður tekinn úr hjörðinni til eldisins. Þá má gera ráð fyrir að ef hugmyndir um eldi hreindýra verða að veruleika þá muni verða talsverðar breytingar á verði og markaðssetningu hreindýrakjöts sem líka gæti haft áhrif á veiðar úr villta stofninum. Það verður því að hafa í huga að það gæti þurft að taka

skipulag og framkvæmd hreindýraveiða til endurskoðunar þar með þá sérstöðu sem hreindýraveiðar hafa gagnvart landeigendum.

Það eru síðan hagsmunir allra bænda, hvaða búskap sem þeir reka, að landið sé skynsamlega nýtt og farið vel með það. Mikill ágangur „hálf taminna“ hreindýra á ákveðnu svæði gæti haft áhrif á og rýrt afkomu, ekki bara viðkomandi jarðar, heldur einnig á nærliggjandi jörðum sem ekki getur talist ásættanlegt og þyrfti því strax í upphafi að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slíkt. Einnig er ljóst að þær jarðir sem lenda innan haga eldshjarða munu ekki lengur hafa möguleika á að lenda í arðsgrunni hreindýraveiða vegna nauðsynlegrar takmörkunar á samgangi við villt hreindýr.

7.4 LEIÐSÖGUMENN

Í samræmi við reglugerð nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða má enginn stunda hreindýraveiði nema í fylgd með eftirlitsmanni sem hlotið hefur starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Leiðsögumenn hafa stofnað félag og eru félagsmenn og leiðsögumenn með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun rúmlega eitt hundrað. Miðað við fjölda veiðileyfa árið 2015 jafngildir það ríflega tíu leyfum á hvern leiðsögumann að jafnaði. Hver leiðsögumaður getur að hámarki fylgt þremur veiðimönnum í hverri veiðiferð og er rétt að benda á að leiðsögumenn fylgja mismörgum veiðimönnum á hverju ári. Það eru því mis miklir hagsmunir í húfi eftir leiðsögumönnum en í heildina skiptir þetta verulegu máli, jafnvel tugum milljóna bara fyrir leiðsögnina. Auk þess bjóða sumir leiðsögumenn veiðimönnum fjölbreyttari þjónustu en leiðsögn þannig að hagsmunir leiðsögumanna með hreindýraveiðum eru verulegir og geta skipt miklu máli fyrir afkomu þeirra.

7.5 ALMENNINGUR OG MARKAÐUR

Verði af hreindýraeldi þá mun það þýða aukið framboð á hreindýrakjöti á markaði. Áhrif aukins framboðs yrði síðan lækkað verð á hreindýrakjöti. Margir hafa selt kjöt af veiddum dýrum til að hafa upp í kostnað og þar af leiðandi gætu áhrifin leitt til þess að færri hafi kost á því að fara til veiða. Áhrifin gætu því leitt til lækkunar veiðileyfa sem þýðir minni arð til landeigenda að sama skapi. Þrátt fyrir að leyfisgjaldið lækkaði eitthvað þá er óvíst að áhrifin væru aukin ásókn í veiðarnar þar sem stór hluti kostnaðar við veiðarnar fellur til við veiðarnar sjálfar svo sem gjald til leiðsögunna, ferðir, gisting og upphald. Áhrifin af lægra kjötverði gætu því verið minni ásókn í veiði á villtum dýrum nema leyfin lækkuðu verulega mikið. Niðurstaðan gæti verð að fella þurfi dýr á vegum ríkisins (Umhverfisstofnun með leyfi ráðherra) til að halda stofnstærð innan æskilegra marka, ef ásókn í veiðileyfin minnkar. Þetta gæti leitt til endurskoðunar á almennu skipulagi og framkvæmd hreindýraveiða.

7.5.1 Takmörkun á ferðafrelsi - Almennaréttur

Líklegt er að hreindýraeldi komi til með að hafa áhrif á almannarétt og umferð almennings og ferðamanna um landið þar sem eldi verður heimilað. Vegna eðlis ræktunarinnar er líklegt að girða þurfi stór svæði af og að girða þurfi um fjöll og firnindi og líklega við erfiðar aðstæður. Til þess að einangra eldisdýr frá villtum hreindým verður nauðsynlegt að girða með hærri girðingum en venja er hér á landi sem koma til með að hefta för gangandi og ríðandi umferðar um landið nema gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að auðvelda slíka umferð um ræktar- og beitolönd eldishreindýra. Gera verður ráð fyrir hliðum á vegum, þjóðleiðum og þekktum gönguleiðum og jafnvel með ákveðnu millibili utan þekktra leiða til þess að hefta ekki almannarétt og umferðarrétt á viðkomandi svæðum.

Með tímanum verða hjarðirnar líklega það mannvantar að þær kippa sér ekki upp við gangandi eða ríðandi umferð en fyrst í stað mun slík umferð valda fælingu og verða talin óæskileg.

8 HREINDÝRAELDI SEM NÝ BÚGREIN

Þrátt fyrir að tilgangurinn með innflutningi hreindýra til Íslands á sínum tíma hafi verið að auka fjölbreytni í búskap landsmanna og mögulega að hefja eldi hreindýra varð aldrei af því að hreindýraeldi hafist hér á landi. Fyrirætlanir um að senda hingað vana hreindýrahirða til þess að kenna ræktun og meðferð hreindýranna varð aldrei að veruleika enda virtist áhugi landsmanna vera lítill. Í gegnum tíðina hafa af og til komið fram hugmyndir og óskir um að fá leyfi til að fanga hreindýr til að hefja eldi eða til sýninga. Á síðari árum hefur slíkum óskum jafnan verið hafnað af stjórnvöldum, nema í sérstökum tilfellum og þá helst að veitt hafi verið leyfi til að fanga hreindýr fyrir dýragarða eða til sýningar á hreindýrum, eins og til Húsdýragarðsins í Reykjavík. Af og til hafa stök dýr, helst viðskila kálfar, verið tekin á fóður til skemmri tíma af bændum, en ekki hefur verið um eiginlegt eldi að ræða. Ítarlegt yfirlit er í öðrum viðauka um áhuga og hugmyndir sem fram hafa komið um að hefja eldi hreindýra hér á landi.

8.1 BÚGREIN

Með nokkrum rökum má halda því fram að hætt sé að tala um „hefðbundnar búgreinar“ í íslenskum landbúnaði og þá átt við kúabúskap, sauðfjárbúskap eða blandaðan búskap af þessu hvoru tveggja – auk einhverra hrossa. Hrossabúskapur hefur aukist til muna, og svína- og alifuglarækt eru stórar þaueldisgreinar. Ferðaþjónusta í tengslum við landbúnað er sífellt að eflast, heimavinnsla og sala afurða landbúnaðarbýla í vexti og þannig mætti lengi telja.

Búgreinum er settur ákveðinn rammi með lögum og reglugerðum. Ef til kæmi, yrði að sjálfsgöngu að vinna slíkan ramma fyrir hreindýraeldi sem nýja búgrein og setja ýmis skilyrði til að starfa við þá búgrein. Þá þyrfti að huga að gróðurfari, landhátum, beitarálagi og fleiri aðstæðum svo sem búskap á nærliggjandi jörðum og hvernig þessi nýja búgrein gengi þar með. Ljóst er að áhrif þess að taka villt hreindýr til eldis fer eftir fjölda dýra og þess landsvæðis sem ætlað er fyrir það. Land á núverandi útbreiðslusvæði hreindýranna hentar misvel til hreindýrabúskapar við hliðina á villtu dýrunum. Því þarf að meta allar landfræðilegar aðstæður vel með tilliti til hreindýrabúskapar, komi til hans.

Alls óvíst er hvernig muni til takast, ef af hreindýraeldi verður, ekki aðeins hvað aðbúnað og fóðrun varðar, heldur einnig hvað varðar slátrun, sölu og nýtingu afurða dýranna sem hlýtur að vera markmiðið. Engin ástæða er þó til að halda annað en eldi á afmörkuðum svæðum geti tekist ef vel er á málum haldið. Markaðsmál eru lítið þekkt og erfitt að segja til um þróun þeirra en góður markaður er fyrir hendi hér á landi og bæði fyrir innlent og innflutt hreindýrakjöt. Um aðrar afurðir er lítið hægt að segja en benda má á að með auknum fjölda ferðamanna má búast við vaxandi hvers konar minjagripasölu sem hefur verið gildur þáttur nýtingu aukaafurða frá hreindýrum.

Ekki er talin ástæða til að fara geyst af stað, verði tekin ákvörðun um að heimila hreindýraeldi, og stofna til margra búa áður en einhver reynsla hefur skapast. Ófyrirséð hvaða áhrif leyfi til eldis á hreindýrum kemur til með að hafa. Í dag er þökkaleg sátt milli landeigenda annars vegar og veiðimanna hins vegar. Þarna er mjög viðkvæmt jafnvægi sem gæti raskast ef eldi hreindýra verður leyft.

8.1.1 Breytingar á lögum og reglugerðum

Verði ákveðið að taka upp eldi hreindýra er eins og fyrr er getið nauðsynlegt að gera breytingar á fjölda laga og reglugerða m.a. um búfjárhald, slátrun, sjúkdómavarnir og lausagöngu búfjár og hugsanlega jafnframt á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og reglugerðum um hreindýr. Óvíst er að breyta þurfi villidýralögum til að afhenda hluta stofnsins en líklega þyrfti að breyta reglugerðum sem fjalla um hreindýr og huga þarf að breytingum vegna mögulegs samgangs villtra dýra og ræktaðra dýra. Starfshópurinn telur rétt að benda á ýmis lög og reglugerðir sem nauðsynlegt verður að taka til endurskoðunar.

Setja þyrfti reglugerð um aðbúnað hreindýra. Bæta þarf inn köflum um hreindýr í reglugerð nr. 916/2012 um merkingu búfjár. Í reglugerð um vörslu búfjár nr. 59/2000 þarf væntanlega að bæta inn kafla um hreindýraheldar girðingar. Endurskoða þarf reglugerð nr. 743/2002 um búfjárefirlit, einnig að breyta reglugerð um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum nr. 127/1958. Reglugerð um riðu og garnaveiki þarf að yfirfara sem og reglugerð um sjúkdómavarnir og m.a. að setja bann við flutningi dýra út af svæði. Hreindýr falla eins og önnur dýr undir gildandi lög um velferð dýra nr. 55/2013. Aflífun hreindýra mun byggja á reglugerð EB nr. 1099/2009 um vernd dýra við aflífun. Þessi upptalning er ekki tæmandi yfir þau lög og reglugerðir sem huga þarf að ef eldi hreindýra verður tekið upp sem ný búgrein hér á landi.

5. tafla. Dæmi um nokkur lög og reglugerðir sem nauðsynlegt væri að yfirfara áður en eldi hreindýra verður heimilað hér á landi.

Lög um búfjárhald nr. 38/ 2013, - breyta þarf skilgreiningu á „búfé“. Lög nr. 70/1998 um búnaðarlög Lög nr. 80/2004, ábúðarlög, Lög nr. 81/2004, jarðalög Lög nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. Lög nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Reglugerð nr. 743/2002 um búfjárefirlit o.fl. Reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar Reglugerð nr. 59/2000 um vörslu búfjár Reglugerð nr. 322/1999 um búnaðarmál Reglugerð nr. 431/1996 um greiðslur úr fódursjóði Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim Lög nr. 93/1995 um matvæli Lög nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum Reglugerð nr. 461/2003 um slátrun og meðferð sláturafurða Listinn er ekki tæmandi upptalning laga og reglugerða sem huga þyrfti að með tilliti til aðlögunar að hreindýraeldi sem nýrri búgrein.

8.1.2 Ræktun og dreifing

Nokkuð víst má telja að margir aðilar hafi áhuga og komi til með að sækjast eftir því að fá leyfi til að halda hreindýr í áhaldi. Með stífum kröfum er hugsanlega hægt að takmarka þann fjölda sem kemur til með að sækja um leyfi en eflaust finnst mörgum þetta spennandi tilraun. Spurning er hvort hægt verði að takmarka leyfi við ákveðna landshluta, væntanlega gildir jafnræðisregla í þessu og ef menn á öðrum landsvæðum sýna fram á að þeir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru þyrfti væntanlega að veita slík leyfi.

Hingað til hafa hreindýrin verið bundin við „Austurland“ í víðtækri merkingu – en eins og fram hefur komið hafa þau nokkuð ráðið útbreiðslu sinni innan landfræðilegra takmarkana ef svo má segja þ.e. austan Jökulsár á Breiðamerkursandi og Jökulsár á Fjöllum. Umræður hafa komið upp um flutning hreindýra á Vestfirði og þá með það að markmiði að styrkja þann landshluta, búsetu- og atvinnulega séð. Takmarkanir á útbreiðslunni ættu fyrst og frems að taka mið af ástandi beitarlands og sjúkdómavörnum. Þar hlýtur einnig að skipta miklu máli vilji viðkomandi sveitarfélaga (sameiginlegur beitarafréttur) og rökstutt álit heilbrigðisyfirvalda.

Komi til þess að hreindýraeldi verði heimilað þarf leyfi Matvælastofnunar fyrir flutningi hreindýra út af sjúkdómsvarnarsvæðinu á Austurlandi til annarra landshluta. Þá þarf að taka tillit til sjúkdómastöðu þess svæðis sem ætlað verður til eldisins og upprunasvæðis dýranna. Í þessu sambandi er vert að íhuga hvort takmarka eigi eða beri útbreiðslu hreindýra við Austurland eins og nú er. Lög setja útbreiðslu hreindýra sem stendur ekki skorður nema hvað sóttvarnir varðar.

Aðlögun ræktaðra dýra villtri náttúru

Með tímanum er líklegt að kjörlendi fyrir eldi hreindýra verði upp urið, þá munu þau hugsanlega leita yfir á önnur svæði og það eykur álag á girðingar. Það er verður því

mikilvægt að tryggja með virku eftirliti að dýrin gangi ekki nærri landi. Setja þarf reglur um hámarks þéttleika í högum á hverjum tíma.

8.2 MARKAÐUR

Öllum dýrum sem að ætlað er að fara á markað skal slátrað og þau verkuð í viðurkenndu slátruhúsi/kjöttvinnslu samkvæmt gildandi matvælaeðgöf. Setja þyrfti upp verklagsreglur fyrir þau slátruhús sem að tækju við hreindýrum, fara þarf yfir hvernig staðið yrði að slátrun og fara yfir hvaða sjúkdóma helst þarf að hafa í huga við heilbrigðisskoðun. Setja upp áætlun fyrir tríkínusýnatöku.

Reglur MAST (Reglugerð nr. 665/2014) eru nú þannig að allt hreindýrakjöt er eftirlitslaust og verði eldisdýrum slátrað í slátruhúsi, sem er einboðið, má ganga út frá því að öryggi m.t.t. gæða verður meira af því kjöti. Sala afurða verður að sama skapi ekki vandamál þar sem að afurðir fara í gegnum viðurkenndar kjöttvinnslur/slátruhús og afurðirnar því merktar með sama hætti og aðrar búfjárafurðir á markaði. Sala gæti hins vegar haft áhrif á afurðaverð af villtum dýrum, en þó getur verið líklegt að kostnaður verði svo mikill við hugsanlegt eldi, að verð lækki ekki að ráði. Hugsanlegt er að villt hreindýrakjöt verði vinsælla en ræktað og verðið verði hærra.

9 HREINDÝRAELDI OG ÁHRIF Á VEIÐAR

Til að meta áhrif hreindýraeldis á veiðar þarf að gefa sér ákveðnar forsendur. Í fyrsta lagi þarf að gefa sér hvaðan dýr sem nota skal til eldis eigi að koma. Innflutningur hreindýra frá öðrum löndum virðist ólíkleg leið enda hafa stjórnvöld fram til þessa dregið í efa skynsemi þess að flytja inn hreindýr frá öðrum löndum. Íslenski stofninn þykir hreinn og góður og laus við nær alla óværu og sjúkdóma sem herja á hreindýr í öðrum löndum.

Hinn kosturinn er, eins og gengið hefur verið út frá framar í skýrslunni, að handsama villt íslensk hreindýr, ala og temja til áframeldis og undaneldis. Þannig væri mögulegt að búa til stofn eldisdýra. Hér er gengið út frá þessum möguleika og áhrif á veiðar miðast út frá því.

9.1 FJÁRHAGSLEG ÁHRIF Á VEIÐIMENN

Til að byggja upp stofn eldisdýra þarf væntanleg að handsama eða smala nokkur hundruð villtum hreindýrum af villta íslenska stofninum. Það gefur augaleið að árin á eftir verður stofninn fálíðaðri sem hlýtur að hafa í för með sér minni veiðikvóta og þar af leiðandi færri veiðileyfi. Víst er að það mun skapa óánægju á meðal veiðimanna en nú þegar er talsverð umfram eftirspurn eftir veiðileyfum á hreindýr. Það að taka úr stofninum mörg hundruð dýr, er sambærilegt við mikinn felli á skömmum tíma og að á stóru svæði myndu hreindýrum fækka verulega. Mörg ár tekur að fylla í skarðið, nema til þess komi

að hreindýrum verði smalað inn á ný svæði og dregið verði verulega úr veiðum á viðkomandi svæði og nærliggjandi veiðisvæðum. Afleiðingar þess á fjölda útgefna veiðileyfa verða semsé þær að leyfum mun fækka og líkurnar á því að veiðimaður fái leyfi til veiða verða enn minni en áður. Þetta mun ekki endilega þýða hækkun á verði leyfa enda hefur sú verðlagning aðallega verið á öðrum forsendum. Þó má reikna með að leyfi munu þurfa að hækka, eigi þau áfram að standa undir rannsóknum á villta hreindýrastofninum þar sem kostnaður við talningar og rannsóknir dregst væntanlega ekki saman, heldur þvert á móti, væri nauðsynlegt að vakta dýrin á þeim svæðum sem áhrifanna mun gæta mest, meira en áður.

9.2 ÞRÓUN HREINDÝRAVEIÐA Í KJÖLFAR ELDIS

Á svæðinu sem hreindýrunum mun fækka, að minnsta kosti tímabundið, verða veiðar aðeins svipur hjá sjón fyrstu árin á eftir. Fari svo að stofninn bregðist við, fjölgun verði og dýrin leiti aftur inn á svæðið eða svæðin sem fækkunin varð er líklegt að áhrif þess að taka dýr úr stofninum verði aðeins tímabundin. Að öðru leyti er ekki líklegt að það eitt að hreindýr verði alin og ræktuð á lokuðu og rammgirtu svæði hafi bein áhrif á veiðar úr villta stofninum. Víða á norðurhveli jarðar eru hreindýr búpeningur og nýtt sem slík. Veiðar eru jafnframt stundaðar en mikill munur er gerður á villtum dýrum og tömdum og vilja hreindýrabændur ekki fá villt dýr í safnið sitt. Hér er ekki gert ráð fyrir samgangi villtra dýra og taminna svo ekki ættu að koma upp árekstrar þess vegna. Hinsvegar má nánast fullyrða að einhvern tíma munu girðingar gefa sig. Hvort sem er af völdum náttúrunnar s.s. veður, snjór og jarðhræringar eða vegna mannglegra þátta s.s. vegna mistaka, skemmdarverka eða samverkandi þátta af ýmsum toga þ.m.t. óheppni. Saga eldis og ræktunar dýra og fiska er vörðuð slíkum atvikum. Þegar slíkt gerist er líklegt að fella þurfi dýr af eldisstofninum og mun þá koma til kasta veiðimanna, en slíkar athafnir er erfitt að skilgreina sem veiðar, þegar um er að ræða verk sem felur í sér að fella mörg dýr á stuttum tíma gagngert til að þess að þau blandist ekki villtum dýrum eða vinsa úr dýr sem hafa runnið saman við hjörð villtra dýra. Slíkt má kanski kalla atvinnuveiðar en sportveiðar eru það ekki og verður aldrei líkt við það að veiða eitt dýr með tilheyrandi ferðalagi og upplifun á veiðislóð.

9.3 UPPLIFUN OG ÁSÓKN VEIÐIMANNA Í KJÖLFAR ELDIS

Eins og áður var rakið eru veiðar á hreindýrum stundaðar víða um norðurhvel jarðar og oft í grennd við hreindýraeldi. Í sumum löndum eru hreindýr ekki veidd, t.d. í Svíþjóð þar sem öll hreindýr eru búpeningur. Í Finnlandi og Noregi eru veiðar og eldi. Á Íslandi þykja hreindýraveiðar spennandi og geta verið mjög erfiðar við ákveðnar aðstæður. Veiðisvæðin eru mjög misjöfn hvað varðar aðgengi. Sumstaðar eru slóðar og vegir sem opna svæðin mikið og ekki þarf að fara langt með fellt dýr að bíl. Annarsstaðar þarf að fara yfir fjöll og firnindi til að finna dýr og sömu leið til baka í bílinn með fellda bráð. Því meira bras, því meiri upplifun. Ekki fæst séð hvernig hreindýraeldi ætti að hafa áhrif á þennan þátt veiðanna. Á það ber þó að líta að hér á landi hafa hreindýrin alltaf verið villt

og geta verið stýgg og erfið viðureignar. Í hugum margra veiðimanna eru hreindýrin gimsteinninn í veiðifánunni. Hegðun þeirra og atferli er sveipað ákveðinni dulúð, líkt og þekkist með aðra bráð, og stundum koma upp aðstæður þar sem hjarðirnar finnast ekki þrátt fyrir mikla leit og þrautreyndir leiðsögumenn kalla jafnvel eftir aðstoð úr lofti við að finna dýrin.

Ekki er hægt að fullyrða um að þessi ímynd haldist óbreytt ef hreindýr sjást innan girðingar líkt og sauðfé á beit. Fyrir íbúa á Austurlandi sem eru vanir hreindýrum niður í byggð yfir veturinn mun þetta kannski ekki breyta miklu en fyrir þorra veiðimann sem búa í öðrum landshlutum og sjá hreindýr sjaldan eða aldrei nema á veiðum gæti þetta haft áhrif. Íslenski hreindýrastofninn er talinn mjög hreinn, ef svo má að orði komast, því dýrin eru svo til laus við sníkjudýr og óværu sem herjar á hreindýrastofna í öðrum löndum. Vaxtar- og byggingarlag íslensku dýranna þykir tignarlegt en það hefur náttúran mótað í gengum árin þótt veiðar spili þar eitthvað hlutverk. Leiða má líkur að því að dýr í ræktun taki á sig aðra mynd þegar fram í sækir, eins og aðrir búfjárstofnar gera þegar mannshöndin kemur nærri skipulögðu undaneldi og markmið ræktunarinnar er að framleiða sem mest kjöt.

9.4 ERLENDIR VEIÐIMENN

Hvort hreindýraeldi hafi áhrif á upplifun erlendra veiðimanna er erfitt að segja til um. Á það ber þó að líta að Ísland er eitt fárra landa þar sem hreindýrin hafa aldrei verið í eldi eða ræktuð og er hugsanlegt að slíkt teljist eftirsóknarvert í hugum sumra veiðimanna, þ.e.a.s. alveg „villtur“ stofn. Það ber að nefna í þessu samhengi að víða í Evrópu sem dæmi, er stofnum veiðidýra „hjálpað“ að einhverju leyti. Til dæmis er fóður gefið út ef vetur eru sérlega snjóþungir og þá er fóður notað jafnvel sem beita eða til að venja dýr og fugla við ákveðin svæði sem síðan er veitt á. Þetta þekkist ekki í hreindýraveiðum og skapar sérstöðu hvað Ísland varðar.

10 DÝRAVELFERÐ

Hreindýra er hvergi getið sérstaklega í lögum um velferð dýra nr. 55/2013. Skv. þeim lögum má ljóst vera að hreindýr í eldi myndu flokkast sem hálfvillt dýr, þ.e. dýr sem ekki eru merkt í samræmi við 22. gr. laga um velferð dýra og ganga laus. Í umræddri 22. grein segir: „Skylt er að einstaklingsmerkja kanínur, ketti, hunda, geitur, hross, nautgripi, sauðfé og svín.“ Væntanlega þyrfti að breyta lögum um velferð dýra ef til hreindýraeldis kemur og gera skylt að einstaklingsmerkja hreindýrin eins og önnur dýr sem þar eru nefnd.

10.1 RÆKTUN HREINDÝRA

Ef til hreindýraeldis kemur verður að gera ráð fyrir því að dýrin verði innan girðingar, sem nær um mjög stórt svæði, segja má að girða verði með háum girðingum um fjöll og firnindi. Í 30. grein laganna er m.a. fjallað um girðingar þar segir m.a.: „girðingar skulu þannig úr garði gerðar að tekið sé tillit til þarfa og öryggis dýranna hvað varðar fóðrun, atferli, hreyfingu, rýmisþörf, hvíld og annan aðbúnað. Einnig skal þess gætt að dýrum stafi engin slyshætta af aðstæðum sem þeim eru búnar eða hætta skapist á því að dýrin geti orðið innikrouð eða bjargarlaus í neyð“. Telja má víst að einstök dýr geti lent í verulegri hættu og dýrin geti orðið bjargarlaus í neyð t.d. ef þau festast eða flækjast í girðingum. Þetta kallar á stöðugt eftirlit með dýrunum, sem ekki verður séð hvernig skal framkvæma.

Í 7. grein laganna er fjallað um hjálparskyldu, en þar segir m.a.: „Þeim sem verður var við eða má ætla að dýr sé sjúkt, sært, í sjálfheldu eða bjargarlaust að öðru leyti ber að veita því umönnun eftir föngum. Sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að gripið sé til aðgerða skv. 1. mgr. sé um hálfvillt eða villt dýr að ræða“. Varðandi hreindýr í eldi kemur því skylda og krafa á viðkomandi sveitarfélag um að sjá til þess að brugðist verði við.

Eiganda eldisdýra er skylt að hafa reglubundið eftirlit með eldisdýrum, þótt þau séu hálf villt, til að tryggja velferð þeirra, m.a. að dýr sem flækjast í girðingum eða hafa slasast af öðrum orsökum kveljist ekki. Þar sem um hálf villt dýr og eldisdýr væri að ræða ber eigandi ábyrgð á dýrunum samkvæmt lögum um dýravelferð. Að sama skapi er eins líklegt að huga þurfi að því hvort villt hreindýr flækist í girðingum.

10.2 EINANGRUN RÆKTAÐRA DÝRA FRÁ VILLTUM DÝRUM

10.2.1 Einangrun

Til að meta hvort heimila eigi hreindýraeldi á einstökum jörðum verður að fara fram mat á því hvað væntanlegar hreindýrajarðir þola mikla beit. Eins og fram hefur komið eru ekki til beitarþolsrannsóknir hér á landi sem hægt er að styðjast beint við ef gera á slíkt mat. Gera verður ráð fyrir því að eldisdýrum og villtum dýrum verði haldið aðskildum sem leiðir af sér að ekki verður um eiginlega afrétti að ræða og land undir hreindýraeldi því takmarkað við ákveðin svæði þar sem stjórnar verður beit dýranna með einhverjum hætti. Ekki er enn ljóst hvort eða hvernig hægt sé að girða lönd sem nýtt verða undir hreindýraeldi t.d. þar sem er snjópungt. Forsenda þess að hægt sé að meta beitarþol er að fram fari fyrrgreindar rannsóknir á gróðurfari, beit og beitarálagi. Þó að það hafi verið metið sem svo að lítil hætta sé á ofbeit þar sem þéttleiki dýra er um eitt dýr á ferkílómetri að vetri þá verður að skoða þetta bæði m.t.t. til þess að dýrin verða á afmörkuðum svæðum og geta ekki reikað ótakmarkað um auk þess sem gera má ráð fyrir að þau verði frekar á láglendari svæðum en villtu dýrin. Það er því næsta ógerlegt að meta beitarþol svæða nema í fyrsta lagi að vita hvaða svæði hugsanlega verða tekin undir eldi og að undangenginni úttekt á gróðurfari viðkomandi svæðis ásamt því að fram fari fyrrgreindar beitarþolsrannsóknir á mismunandi svæðum. Líta þarf þó til þess að stefnt er að því að

fóðra dýrin að einhverju leiti. Vissulega má svo að einhverju marki styðjast við erlendar rannsóknir. Einnig er löngu tímabært að rannsaka fæðuval hreindýra, einkum á láglendi. Núverandi þekking byggir fyrst og fremst á rannsóknum á Snæfellsöræfum frá upphafi níunda áratugs síðustu aldar (Kristbjörn Egilsson 1983).

Setja verður það skilyrði fyrir leyfisveitingu að enginn samgangur geti verið milli eldisstofns og villtra hreindýra af sömu ástæðu og að ekki verði leyft að skila dýrum til baka í villta stofninn. Ekki er ljóst hvernig hægt verður að girða um fjöll og firnindi án þess að dýr sleppi aftur í villta stofninn. Ósagt skal látið hvort slíkt sé hægt, og má vera að það sé hægt með gífurlegum tilkostnaði, en telja verður ólíklegt að hægt sé að fyrirbyggja allan samgang. Veður geta verið válynd og snjóalög breyst í einu vettvangi þannig að samgangur verði milli eldisdýra og villtra hreindýra.

Varað er við uppbyggingu mikilla girðinga sem hreindýraeldi hefði í för með sér. Girðingar um lokuð eldishólf hljóta að verða mun meiri en þær girðingar sem notaðar eru fyrir sauðfé og annan búpening. Ætla má að ekki dugi minna en tveggja metra há girðing og slík girðing - tugi kílómetra að lengd sem standast þarf vind og fannfergi; myndi valda sjónmengun og hefta för almennings að landinu og er í raun mikið mannvirki. Reynslan sýnir að vandinn við girðingar er ekki aðeins að reisa þær og halda þeim við - heldur vandinn við að taka þær niður og eyða. Tugi milljóna kostar nú að rífa niður gamlar og ónýtar sóttvarnargirðingar - raunar svo mikið að hvorki ríki, sveitarfélög eða einstaklingar ráða við það með góðu móti.

Merking

Gert er ráð fyrir að merkingar hreindýra komi til með að falla undir gildandi merkingarreglugerð nr. 916/2012, þarf þó að breyta skilgreiningu á því hvað fellur undir búfé en hreindýr eru ekki talin í þeim hópi í dag. Einnig þyrfti að bæta inn í reglugerðina kafla um merkingar hreindýra sem og hvaða upplýsingar skulu skrásettar í hjarðbók. Eigandi/umráðamaður er skyldugur til þess að halda hjarðbók og skrá öll dýr í miðlægan gagnagrunn sem að viðurkenndur er af Matvælastofnun. Öll lyfjanotkun skal skráð og vera aðgengileg til skoðunar af Matvælastofnun.

Heimildaskrá:

- Anna Guðrún Þórhallsdóttir 1981. Beitvalg hos sau og rein på Vesturörefi Island. Hovedoppgave ved Norges landbrukshøgskole, Institut for Naturforvaltning (handrit), 107 bls.
- Berglind Guðmundsdóttir 2006. Sníkjudýr í hreindýrum. MSc ritgerð við HÍ, Reykjavík, 100 bls.
- Böðvar Þórisson og Skarphéðinn Smári Þórhallsson 2002. Hreindýr og skógur. Skógrækt á Fljótisdalshéraði og ágangur hreindýra í ungskógum. Styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. *Náttúrustofa Austurlands og Héraðsskógar*, Egilsstaðir, mars 2002.
- Helgi Valtýsson 1945. *Á hreindýraslóðum*. Bókautgáfan Norðri h.f., Akureyri. 228 bls.
- Kristbjörn Egilsson 1983. Fæða og beitolönd íslensku hreindýranna. Orkustofnun, OS-83073/VOD-07. 235 bls.
- Lagastofnun Háskóla Íslands 1991. Álitsgerð Björns Þ. Guðmundssonar og Davíðs Þórs Björgvinssonar til Umhverfisstofnunar, Reykjavík 12. apríl 1991.
- Náttúrustofa Austurlands 2010. Hreindýr (*Rangifer tarandus*). Smárit. Útgefandi: Náttúrustofa Austurlands í samstarfi við Þekkingarnet Austurlands og NEED. Ábyrgðarmaður: Skarphéðinn G. Þórisson, september 2010. Hönnun/prentun: Héraðsprent.
- Skarphéðinn G. Þórisson og Kristín Ágústsdóttir 2014. Snæfellshjörð. Áhrif náttúru og manna á líf Snæfellshjarðar í ljósi vöktunar síðustu áratugi og staðsetninga hreinkúa með GPS-hálskraga 2009-2011. *NA-140140*.
- Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2015. Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2014 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2015. *NA-150145*, 40 bls.

Heimildir um sjúkdóma.

- Cait Nelson, Wildlife Health Biologist CHRONIC WASTING DISEASE Prepared by Ministry of Environment British Columbia, January 2009.
- Del-Pozo J, Girling S, McLuckie J, Abbondati E, Stevenson K. An unusual presentation of *Mycobacterium avium* spp. *paratuberculosis* infection in a captive tundra reindeer (*Rangifer tarandus tarandus*).
- EAZV Transmissible Disease Fact Sheet Sheet No. 91 PARATUBERCULOSIS OR JOHNE'S DISEASE.
- Handeland K, Boye M, Bergsjø B, Bondal H, Isaksen K, Agerholm JS. Digital necrobacillosis in Norwegian wild tundra reindeer (*Rangifer tarandus tarandus*).
- Heikki Henttonen. Northern aspects of mammal-borne zoonoses, and reindeer health. Finnis Forest Research Institute Vantaa, Finland.
- Kutz SJ, Ducrocq J, Verocai GG, Hoar BM, Colwell DD, Beckmen KB, Polley L, Elkin BT, Hoberg EP. Parasites in ungulates of Arctic North America and Greenland: a view of contemporary diversity, ecology, and impact in a world under change.
- Macdonald E, Handeland K, Blystad H, Bergsaker M, Fladberg M, Gjerset B, Nilsen O, Os H, Sandbu S, Stokke E, Vold L, Ørpetveit I, Gaup Amot H, Tveiten O. Public health implications of an outbreak of rabies in arctic foxes and reindeer in the Svalbard archipelago, Norway, September 2011.
- Mørk T, Godfroid J, Sørensen KK, Breines E, Hareide E, Thiry J, Rimstad E, Thiry E, Tryland M. Experimental infection of reindeer with cervid herpesvirus 2.

- Náttúrustofna Austurlands Ný orkategund af ættkvíslinni *Capillaria* finnst í íslenskum hreindýrum Uppfært 05/02/04.
- Reindeer and Caribou | - Nelson Road Veterinary Clinic www.nelsonroadvet.com/articles/.../reindeer-and-caribou (Brucellosis and tuberculosis are common tests performed by the veterinarian. Brucella can be found in the northern wild herds. Johnes, MCF, and other ruminant diseases need to be considered when there are herd problems. Warts, ringworm and other common livestock diseases can also be found in reindeer.)
- Robert A. Dieterich, D.V.M. Jamie K. Morton, Ph.D. Reindeer Health Aide Manual. Second Edition 1990.
- Ruckstuhl K, Kutz S. Development and availability of the free-living stages of *Ostertagia gruehneri*, an abomasal parasite of barrenground caribou (*Rangifer tarandus groenlandicus*), on the Canadian tundra. Hoar BM.
- Sníkjudýr í hreindýrum á Íslandi Berglind Guðmundsdóttir Ritgerð til Meistaraprófs Leiðbeinandi: Karl Skírnisson, dýrafræðingur Reykjavík, maí 2006.
- Thompson RC, Kutz SJ, Smith A. Parasite zoonoses and wildlife: Emerging issues. Int J Environ Res Public Health. 2009 Feb;6(2):678-93. 2009 Feb 13.
- Torsten Mörner, Senior Veterinary Officer. A literature review – Infections of reindeers and possible spread of diseases from reindeers to other species. National Veterinary Institute (SVA).
- Tryland M, Das Neves CG, Sunde M, Mørk T. Cervid herpesvirus 2, the primary agent in an outbreak of infectious keratoconjunctivitis in semidomesticated reindeer.

11 VIÐAUKAR

1. Viðauki

11.1 LAGATILSKIPANIR OG ELDRI LÖG UM HREINDÝR

- Konungleg tilskipun 19. janúar 1751 um flutning hreindýra til Íslands.
- Konungleg tilskipun 18. apríl 1751 um flutning hreindýra til Íslands, sbr. bréf rentukammersins 6. júní 1787 um sama efni.
- Kannsellibréf 21. júlí 1787 um sektir fyrir brot á fyrirhuguðum fyrirmælum um friðun hreindýra.
- Konungleg tilskipun 19. maí 1790 um heimild til veiða á 20 hreinum árlega næstu þrjú árin.
- Bréf rentukammersins 7. febrúar 1792, varðandi meðferð skinna af hreindýrum sem felld höfðu verið í leyfisleysi.
- Konungleg tilskipun 18. júní 1794 um framlengingu á leyfi til veiða á 20 hreinum næstu þrjú árin.
- Konungleg tilskipun 7. nóvember 1798 um hreindýraveiðar á Íslandi. Heimilt að gefa út sérstök leyfi til veiða á hreindýrum, með þeim takmörkunum að óheimilt var að veiða kýr og kálfa yngri en eins vetra.
- Konungleg tilskipun 12. mars 1817 um hreindýraveiðar. Almenn veiði heimiluð ef ekki kemur í bága við eignar- og umráðarétt annarra til veiðisvæðisins.
- Tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. var heimilt að veiða hreina hvar sem var.
- Lög nr. 6/1882 um friðun fugla og hreindýra.
- Lög nr. 42/1901 um friðun hreindýra. (Friðun var framlengd með lögum nr. 45/1911, 49/1917, 37/1927 og 49/1937.)

2. Viðauki

11.2 HUGMYNDIR UM HREINDÝRAELDI OG FLUTNING HREINDÝRA Í AÐRA LANDSHLUTA

Skarphéðinn G. Þórisson tók saman, nóvember 2014.

Fyrstu hugmyndir um innflutning hreindýra komu fram hjá Páli Vídalín 1699; selja skyldi hesta úr landi og kaupa fyrir hagnaðinn hreindýr (Páll Vídalín 1768).

Konungleg tilskipan 1787

Í konunglegri tilskipan um flutning hreindýra til Íslands frá 18. apríl 1787 var gert ráð fyrir að Samafjölskylda frá Finnmörku flyttist til landsins til þess að kenna Íslendingum hreindýraeldi. Ekkert varð af því þar sem talið var að skilyrði myndi skorta til hjarðmennskulífs á Íslandi.

Ólafur Jósepson Hjört 1787

Ólafur Jósepson Hjört hvetur til þess í Riti Lærdómslistafélagsins að Íslendingar leggi fyrir sig hreindýrabúskap eins og tíðkaðist í norðurhluta Skandinavíu. Hann taldi að hreindýrabúskapur mundi henta vel á Íslandi og lýsti hvernig best væri að standa að tamningu dýranna og hversu stórar hjarðirnar ættu að vera (Ólafur Jósepson Hjört 1787).

Frumvarp til veiðilaga 1847

„Það er margreynt hér á landi að temja hreina, en aldrei hefir það heppnast, því hafi þeir veslzt upp í húsum á vetrum, þá hafa þeir hlaupið aptur á fjöll upp, er þeim hefir verið hleypt út á vorin. Þessi dýr eru því ekki að neinu öðru liði hér á landi, en að veiðinni til, en á henni eru miklir örðugleikar, er þau hlaupa víðs vegar og eru svo stygg og fljót á fæti, að varla er vinnanda, nema tækifæri sé sætt, að ná þeim eða skjóta þau“ Nefndarálit í viðbótartillögu við 7. gr. frumvarpsins (Alþingistíðindi 1847, bls 247)

Vestfirðir - 1850

Í Barðstrendingabók (Kristján Jónsson 1942) segir frá Kollabúðafundi um 1850 (bls. 242): “Enn má nefna það, að skorað var á fundarmenn að ná sér í hreindýr til tamninga. – Voru umráðamenn fréttablaðanna hvattir til þess að efla áhuga manna á hreindýraveiðum í því skyni að temja þau og nota til drátta.- Lítinn árangur mun þessi ályktun og hvatning hafa borið, og að minnsta kosti alls ekki á Vesturlandi”

Kristófer Ólafsson frá Kalmanstungu - 1927

Árið 1927 sótti Kristófer Ólafsson frá Kalmanstungu um styrk til Alþingis í því skyni að stofna til hreindýrabúskapar. Hugðist hann flytja til landsins 50 hreindýr frá Noregi en beiðni hans var hafnað (Tíminn 1927).

Erindi til Alþingis 1930

„Hreindýr. Einar Guðmundsson bóndi í Miðdal og Gunnar Sigurðsson kaupmaður sækja um leyfi til innflutnings hreindýra frá Noregi, Nd. 74.“

http://www.althingi.is/eldri_erindi/html/erinde42.html

Arnarfell í Þingvallasveit 1938

Matthías Einarsson fékk leyfi frá ráðuneytinu 1938 að fanga hreinkálfa. Í leiðangrinum 1938 drápust allir kálfarnir í höndum tókumanna eins og segir í skýrslu þeirra. Vorið 1939 voru fimm kálfar fangaðir en einn drapst, var sprengdur eins og kálfarnir 1938. Eftirlifandi voru þrír tarfkálfar og ein kvíga. Samkvæmt skýrslu ráðuneytisins voru sjö

kálfar handsamaðir vorið 1940 og tveir árið eftir. Ráðgert var að ná fleirum 1943 en leyfi ráðuneytisins fékkst ekki (Ráðuneytisskýrsla).

Á árunum 1939-1941 lét Matthías Einarsson læknir flytja hreinkálfa frá Fljótsdalsheiði að Arnarfelli við Þingvallavatn, átta tarfa og fimm kýr (Ársæll Árnason 1942). Í allt fæddust fimm eða sex kálfar í Arnarfelli og virtust dafna vel. Síðan tóku dýrin að drepast smátt og smátt en einu var lógað. Banamein dýrana var í flestum tilfellum sýking frá meltingarfærum (Birgir Thorlacius 1960).

Helgi Valtýsson 1940-1960

Mikill talsmaður fyrir að temja íslensku hjörðina. Beitti sér í ræðu og riti fyrir því (Helgi Valtýsson 1945, 1959).

Eyjafjörður 1944

Þegar mæðiveikin herjaði kom fram sú hugmynd að heppilegast væri að koma upp tömdum hreindýrahjörðum á mæðiveikisvæðunum er gætu sums staðar komið í stað fjárstofnsins en einnig staðið samhliða sauðfjárbúskap (Guðmundur Þorláksson 1938).

Friðrik Stefánsson fangaði fimm hreindýrskálfa og flaug með þá til Akureyrar í maílok 1944. Þeir sem stóðu að flutningnum voru Jón Geirsson, læknir, Ari Jónsson og Árni Jóhannesson bændur að Þverá í Öngulsstaðahreppi, Rósa Jónsdóttir sama stað og Helgi Stefánsson á Þorustöðum. Verða þeir hafðir á Þverá (Dagur 26. maí 1944). Í bréfi frá framangreindum til ráðuneytisins dags. 6. nóvember 1943 segir: “Þar eð mæðiveiki er að gera sauðfjárræktina hér erfiða langar okkur að gera tilraun með uppeldi hreindýra. Dýrin munu verða höfð í girðingu í Þverárlandi í Öngulsstaðahreppi.”

Seinna segir í bréfi til ráðuneytisins “Urðu þau mannvön og að sögn til ýmissa óþæginda heima við bæi. Mun þeim fljótlega hafa verið fargað.”

Þóroddur E. Jónsson – Vatnsleysuströnd 1944

Þóroddur E. Jónsson í Reykjavík fékk árið 1944 leyfi til að fanga allt að 15 kálfa vorið eftir. Ætlaði hann að ala þá upp að Hvassahrauni á Vatnsleysuströnd en ekkert varð úr þessu.

P. Hagen - Landbúnaðarráðuneytið 1947

Árið 1947 fékk landbúnaðarráðuneytið Samafógeta að nafni P. Hagen til að kanna möguleika á hreindýrabúskapi á Íslandi. Ferðaðist hann um landið og taldi víða góð skilyrði fyrir búskap með hreindýr (Ólafur Þorvaldsson 1960, bls. 94-96).

Jóhann Eyjólfsson 1948

Jóhann Eyjólfsson frá Sveinatungu sótti um leyfi 1948 til að flytja inn hreindýr frá Noregi en var synjað.

Anders A. Blind 1948

Saminn Anders A. Blind fór fram á það 1948 að flytja um 800 hreindýr til Íslands. Hann ferðaðist um hreindýraslóðir og leist vel á austfirsku hreindýrin en þótti fjöllin lítt gróin. Beiðni hans var synjað.

Helgi Valtýsson 1950

Eftirfarandi er úr bréfi til Birgis Thorlacíusar í Menntamálaráðuneytinu
Helgi Valtýsson 7. febrúar 1950

Fylgiskjal I.

Ummæli fylkis-dýralæknisins í Norður-Noregi

Í bréfi dagsettu 24. jan. Þ.á. segir Fylkesveterinæren for Nord-Norge hr. Knut Thorshaug m.a. á þessa leið:

„Í mars-apríl leggjum við Arne Pleym, Lappafógeti í Finnmörku, af stað í leiðangur um innsveitir Finnmerkur til að vitja þar flestra byggðahverfa farand-lappanna (hirðingjanna). Eigum við m.a. að sýna þar verklegar tilraunir með nýjum tækjum og kenna Finn-löppunum að nota „boghnífa“, sem nú eru fyrirskipaðir við slátrun hreindýra, og einnig notkun „Burdizzo“ – tangarinnar, sem nú á að nota við geldingu hreintarfanna. (En áður hafa Lappar notað hina aldagömlu aðferð sína, „gaskem“: að bíta sundur sæðisstrenginn og eistun með tönnum. – Undirstrikanir allar eru mínar! H.V.) – Á nú að kenna þeim að nota bæði þessi tæki“

„ennfremur á í sumar að byggja tvær tilrauna-stöðvar til hreindýraslátrunar í Finnmörku. Verða sláturhús þessi byggð við aðalvegi neðan úr sjávarsveitum og inn á öræfin. Einnig verða þar byggð hús handa starfsfólkinu, og afgirt svæði (stór almenningsrétt), sem reka má heila hjörð inn í. Er tilgangurinn með þessu að gera eigendunum hægra um vik með slátrun, geldingar og mörkun (eyrnamark) og fjallskil yfirleitt. – síðan verður kjötið flutt á næsta frystihús. – Allt er þetta þó enn á tilraunarstigi.....“

AV. Þetta er gert samkvæmt ráðstöfun stjórnarvalda. En báðir eru menn þessir æðstu embættismenn ríkisins á þessum vettvangi!

Fylgiskjal II.

Úr bréfi Lappafógetans í Finnmörku

Eftirfarandi kaflar eru teknir úr löngu og ýtarlegu bréfi frá Lappafogden í Finnmark, hr. Arne Pleym, dagsettu 20. október síðastl.:

„...Fyrir skömmu hafa gefið sig fram við mig tveir kunnáttumenn í hreindýrsrækt (undirstrikanir allar eru mínar! -H.V.), er telja sig fúsa til að fara til Íslands, ef til kæmi, og sama gengi með skilmála alla og skilyrði. Báðir eru þeir farand-Lappar (hirðingjar) og hafa sjálfir rekið hreindýrarækt. Var annar þeirra hjarðeigandi, en svo hart svarf að honum á hernámsárunum, að hann sá sér eigi annað fært en að farga hjörð sinni og leita sér annarrar atvinnu um hríð. Nöfn manna þessara eru á þessa leið:

1. Aslak Aslaksen Sara f. 11/3. 1898, búsettur í Karasjok. Kvæntur, á konu og 6 börn, þar af einn son 16 ára.

2. John Mathisen Eira, f. 10/8. 1922, einnig í Karasjok. Ókvæntur, er mágur hins fyrrnefnda. – Varð á stríðsárunum að flýja til Svíþjóðar og var síðan í norska hernum í Skotlandi.“

„Báðir eru menn þessir heiðarlegir og drengir góðir og áreiðanlegir, og gef ég þeim hiklaust mín beztu meðmæli!“

„Áslákur Sara var hjarðeigandi, eins og þegar er sagt, og Jón Eira hefir verið smali og hreinahirðir hjá Finnlöppum í mörg ár. Hann er dugnaðarpiltur og hefir orð á sér sem mjög góður smali.“

„Eg hefi nýskeð átt tal við pilta þessa, er þeir komu af fjöllum ofan, en þar hafa þeir starfað í sumar í hinu nýstofnaða fjall-lögregluliði, sem ríkið kostar. (Hreindýra-þjófnadur magnaðist svo á hernáms-árunum og hefir haldist til þessa, að til vandræða horfði, og varð því að stofna sérstakt lögreglulið, sem starfar að sumarlagi og fram á haust, og voru menn þessir í því).“

„Samkvæmt upplýsingum þeim, sem komið hafa í ljós í bréfum yðar (þ.e. mínum. – H.V.), telja menn þessir að takast muni að temja villihjörðina – án þess að stofna til kálfatöku? – Telja þeir að með því að fylgjast daglega með hjörðinni frá vori, fyrst fyrir burð, og síðan frameftir sumri og hausti framyfir fengitímamann, þá muni takast þegar á fyrsta vetri að safna hjörðinni saman og halda henni í skefjum með daglegu eftirliti! Tel ég (Pleym) vafalaust, að þetta muni takast, þar sem kunnáttumenn eiga í hlut! – Í fyrstu má alls ekki nota hund heldur verða smalarnir að fylgja hjörðinni eftir og kynna sér, hvert dýrin leita á ýmsum tímum árs, og hvar bezt muni að safna þeim saman á hausti með tilliti til haglendis o.fl. o.fl. Skilyrði fyrir þessu er þó auðvitað, að til séu kofar eða skýli á

þessum vettvangi, þar sem mennirnir geti sett að, og að þeir geti viðað að sér vistum og öðrum nauðsynjum o.s.frv.“

„Áslákur Sara telur, að hann gæti einnig tekið elzta son sinn með sér í upphafi, svo að þeir yrðu þá þrír saman. Það mundi gera þeim hægra um vik.“

„Ef til vill gætu þeir ekki sameinað alla hjörðina þegar í upphafi, en það mun óefað takast smám saman og heppnast fullkomlega. Einstöku dýri þarf ef til vill að lóga sökum þess, að þau séu sérlega stygg og rásgjörn og tæli því önnur dýr með sér úr hópnum. Þetta kemur einnig fyrir í tömdum hjörðum! Slíkum dýrum verður því lógað. – Á haustin um fengitímamann stuðla tarfarnir sjálfir að því að halda hjörðinni saman. En þeim þarf að fækka rækilega! – Sara telur að nægilegt muni vera, þegar hjörðin hefur tekið tamningu, að hafa 10-15 tarfa handa kúm í 1000 dýra hjörð (kýr og kálfar). Séu of margir tarfar, nýtast þeir kúnum verr, því að þá lendir allt í bardögum þeirra á milli!“

„Ég hefi einnig rætt um hugsanleg launakjör við pilt þessa. Mér hefir skilzt, að reikna verði með 850-1000 króna mánaðarlaunum fyrir hvorn smalanna – og fría ferð að heiman og heim aftur, er til kæmi. Auk þessa einnig frjáls afnot kjöts og skinna til eigin þarfa, en fæða sig annars og klæða sjálfir. – Ef til kæmi mundi sonur Ásláks verða launalægri. – Einnig áskilja þeir sér sem kunnáttumenn að ákveða um það, hverjum dýrum skuli slátrað, og eins um framtíðarskipulag og hirðingu hjarðarinnar (skiptingu haglendis í sumar- og vetrar-haga o.s.frv. ef nauðsynlegt reynist!“ – En allt er þetta sjálfsögð skilyrði. – H.V.)

Herra Pleym segir ennfremur: „Báðir eru menn þessir umgengnisgóðir og blátt áfram, og myndu engum erfiðleikum valda. Og ég er sannfærður um, að þeir kunna verk sín á þessum vettvangi til fullnustu! Báðir tala þeir norsku vel, og Eira kann eða skilur a.m.k. talsvert í ensku...“

Persónulega gerir herra Pleym þessa aths.: „Með tilliti til launakröfu þeirrar, sem nefnd hefir verið, virðist mér hún í stífasta lagi“. En taka verður samt tillit til þess, að mennirnir eiga að fara til ókunnugs lands, þar sem þeir eru öllum staðháttum ókunnir. Og auk þess skilur Áslákur hér eftir fjölskyldu sína og verður að sjá henni farboða. – Annars tel ég eðlilegt að í upphafi verði launin nokkru hærri. Hjörðin er villt og á að temjast, og hvílir því mikið starf og öll ábyrgð á mönnum þessum! Seinna mætti – og ætti helzt svo að vera – setja föst laun nokkru lægri, en bæta þau svo upp með ágóðahluta af hagnaði eða afurðasölu, enda mundi það vera hjarðmönnum hvatning til að keppa að sem mestum árangri og beztum!“

„Seinna myndi svo sennilega ungir Íslendingar taka þátt í starfi þessu og læra hreindýrarækt og reka síðan ef til vill upp á eigin spýtur. – Mér er auðvitað ókunnugt um, hvað íslenzka ríkið myndi gera með hjörðina síðar meir, er hún hefði tekið tamningu. Tel ég líklegast, að annaðhvort yrði haldið áfram með ríkisrekstur, eða þá að ríkið seldi – eða afhenti hjörðina með vissum skilyrðum til privatmanna eða samtaka (aðeins til féлага! – H.V.) sem reka vildu hreindýrarækt.“

„Það er engum vafa undirorpið, að hreindýrarækt er arðsamur atvinnuvegur. Hér reiknum við með 25% árlegri aukningu og 15-20% slátur-afköst. Og t.d. 1500 dýra hjörð á Íslandi ætti að hafa miklu betri fjölgunarskilyrði. (Hér eru þau full 30% - H.V.). Hér höfum við rándýr (úlf og jarfa), hreindýraþjófa o.m.fl. – Og á Íslandi virðast dýrin safna svo miklum vetrarforða (fitulagi), að þeim muni endast all-lengi í hörðum vetrum...“

Ennfremur segir herra Lappafógetinn á þessa leið:

„Þér nefnið, að verðlag á Íslandi sé allmiklu herra en hér hjá okkur í Noregi, og ættu því afurðartekjur af dýrunum að vera allmiklu meiri hjá ykkur. Séu dýrin t.d. 1500, má áreiðanlega reikna með að slátrað sé a.m.k. 15-20%, en það eru 225 dýr. Fall dýranna, sem aðallega yrði tarfar, mætti áætla ca. 70 kg. Hvert. Það yrði 15750 kg. Reiknum við kjötverðið 4 kr. kg. Verða það Kr. 63,000.00 alls. Þar við bætist svo skinnið og útlimirnir o.fl., sem að meðaltali er 50 kr. á hvert dýr, en það yrði samtals kr. 11,250.00 eða samtals

allar afurðirnar Kr. 74,250.00. – Þetta yrðu afköst 225 dýra, og hefi ég þó reiknað með nokkurn veginn sama verði og hér er, nema að kjötverð er hér 3, - krónur kg.“

„Að mínu áliti getur því ekki verið um neina áhættu að ræða fyrir ríkið, þótt það legði fram nokkurt fé til að koma föstu skipulagi á hreinræktina! Það hefir fulla tryggingu í hjörðinni fyrir öllum sínum útgjöldum til kunnáttumanna (smala) o.fl. Og þegar á fyrsta hausti eða vetri mundi ríkið fá endurgreitt upphæðina margfalda, er slátrað væri törfunum, sem þarf að fækka rækilega.“

„Og svo er enn eitt, að það er ljóst, að óðar er hjörðin hefir tekið tamningu, er algerlega girt fyrir, að hún valdi bændum átroðningi og tjóni.“ (Þá myndi henni haldið á ákveðnum slóðum! – H.V.)

„Við höfum áður rætt um (bréflega – H.V.) stofnun taminnar hjarðar með kálfatöku, sem auðvitað er vel fær leið! En ég tel að hún myndi verða allmiklu dýrari og seinlegri! – Tækist að temja villtu hjörðina, á 1-2 árum, væri mikið sparað, og reksturinn myndi þegar bera sig vell!...“

Fylgiskjal III.

Svar mitt og athugasemdir við bréf hr. Pleyrn Lappafógeta:

Ég mundi eigi vilja (þora) gera það að tillögu minni við ríkisstjórnina, að hún réði fasta starfsmenn (2 eða 3) nú þegar með það fyrir augum, að þeir kæmu hingað t.d. í byrjun apríl í því skyni að geta þegar tekið til starfa á þann hátt, er greinir í bréfi hr. Lappafógetana. Sökum óvissrar vorveðráttu, samgangna-erfiðleika og ókunnugleika mannanna mundi reynast illkleyft að ná væntanlegum árangri og æskilegum þegar á fyrsta ári – algerlega undirbúningslaust! Taldi ég því bæði nauðsynlegt og æskilegt að haga framkvæmdum þannig:

Ríkisstjórnin réði t.d. einn þessara manna, segjum Áslák Sara, sem er reyndur og fær hreinræktarmaður, til að koma hingað heim um a.m.k.4-6 vikna skeið í sumar (júlí ágúst eða jafnvel fyrr) til þess að kynna öllum staðháttum og kringumstæðum og leggja á ráðin um framtíðarstarf næsta ár – nægilega snemma. – Mundum við Friðrik á Hóli þá fara með honum um hreindýraslódir eystra: Vestur-öræfi og Fljótsdalsheiði og kynna honum allar aðstæður þar, sumar sem vetur. Einnig fengi hann þá að sjá og kynna talsverðum hópi hjarðarinnar. En allt þetta er nauðsynlegur undirbúningur til þess að geta lokið áætluðu starfi á áætluðum tíma: 1-2 árum!

M.a. yrði að athuga rækilega þörf fyrir smalakofa á þeim slóðum sem dýrin myndu halda sig að mestu leyti: bæði á sumrum og á veturnum. Sumarhagar dýranna eru aðallega Vesturöræfin. Þar eru nú þegar 3 kofar, sem kæmu að fullu haldi (gagnamanna-kofar, nýlega viðgerðir): Sauðárkofi, Laugakofi og Hálskofi, - umhverfis Snæfell, og myndi líklega ekki fleiri kofa þörf á þeim slóðum! – Vetrarhagarnir eru til þessa aðallega á Fljótsdalsheiði endilangri, og er það geysi-flæmi. Þae er – að minni vitund aðeins einn kofi – og nokkuð úrleiðis. Þyrfti þar ófafað 1-2 kofa. – Þetta eru vanalegir torfkofar, en allvel byggðir þurfa þeir að vera!

Með allt að tveggja mánaða dvöl hér heima myndi Áslákur Sara kynna svo staðháttum og skilyrðum öllum, að hann kæmi hér á ný meðfélögum sínum sem kunnugur maður og viðbúinn öllu því, er um væri að ræða! – Og ekki þarf að kvíða veðráttu eða vorharðindum, þótt svo kynni að verða. Finnslappar eru öllu slíku vanir og æðrast ekki: „Snælega snuggir, kváðu Finnar, áttu öndrur falar?“ – Og skíðamenn góðir eru þeir enn í dag!-

Þetta eru tillögur mínar. – Sá aukakostaður, sem af undirbúningi þessum leiddi, myndi vinnast upp aftur með fljótteknari árangri og fullkomnari en ella!--- Um sölu hreindýra-afurða er ýmislegt að segja, og hefi ég athugað þá hlið málsins allrækilega. En það mun ég láta bíða að sinni. Enda eigi aðkallandi á þessu stigi málsins.

„...Þá vil ég segja fáein orð um hvað ég tel nauðsynlegt að gert verði í framtíðinni því að dýrin eru að verða of mörg á þessum slóðum. Það er að farið verði að farga þeim miklu meira en hér til, og mundi ég þá leggja til ef horfið yrði að því ráði að Norður- og Suðurmúlasýslur fengju málið algerlega í sínar hendur. Hin leiðin er að ríkið gerði Skagfirðingum, Húnavetningum og Borgfirðingum kost á að ef þeir vildu gera tilraun að sækja nokkur hundruð dýr og reka vestur til dæmis seinnipartinn í sumar. Ég er ekki frá því að það mætti takast einmitt nú á þessu sumri vegna þess að dýrin urðu svo mannvön í vetur“

Úr bréfi Friðriks Stefánssonar Hóli til Birgis Thorlacíusar dags. 18. júní 1950.

Helgi Valtýsson 1950

„...Ég tel vafalaust, að meginhluti tarfanna hafi með vorinu leitað suður á bóginn, enda voru þeir á fleiri stöðum í S. Múlas. Snemma í vetur. Hefði hér verið um „tamdar“ hjarðir að ræða, mundu þær hafa verið fluttar til í tíma, suður á bóginn, eftir snjóalögum! Og væru báðar sýslurnar í sameiningu beinir aðilar, býst ég við, að varla kæmi sá snjóavetur, að jarðlaust yrði fyrir hreindýr í báðum sýslum!- Og þá mætti hafa stóra hjörð sameiginlega þarna eystra,- og síðan miðla af henni árlega til annarra landshluta. – Og þetta held ég enn, að sé eina raunhæfa úrlausnin. Friðrik drepur á í bréfi sínu, að hann hafi enn ekki fengið neina vitneskju um, hve mörgum törfum eigi að lóga að þessu sinni! – við minntumst lauslega á þetta á fundi okkar í vor.- Það hefir alltaf verið talsvert vandamál, og er það enn frekar nú orðið, þar sem dýrin eru bæði orðin mjög mörg og mjög dreifð!- Og nú er þörfin fyrir að fækka törfum orðin svo mikil, að eiginlega er frágangssök – og algerlega ófært, og auk þess einnig nær ókleyft,- að skjóta þá inn um allar heiðar, - og ef til vill í tveimur sýslum, - og eiga það víst, að meginíð af þessu mikla kjötmagni verði annað hvort algerlega, eða þá að miklu leyti eyðilagt og einskis nýtt! Og jafnvel einnig húðirnar og fleiri afurðir, sem allar gætu – og ættu að verða allmikils virði!.

Það er með þetta fyrir augum, að ég hefi alltaf verið að hamra á nauðsyn þess að koma sem fyrst á föstu framtíðarskipulagi á þann hátt, sem við höfum rætt svo oft í bréfum okkar, og þarf ég ekki að fjölyrða um það!

Þannig snýr þá málið við frá mínu sjónarmiði. Nú er mér með öllu ókunnugt um viðhorf núverandi stjórnar til máls þessa, og veit ekki með vissu, undir hvaða ráðuneyti málið nú heyrir! – En allt ber það að sama brunni að lokum. Málið hefir frá upphafi snúið þannig við – og í dag enn frekar en nokkru sinni áður, að um aðeins tvennt er að ræða:

Ætli ríkisstjórnin að halda „eignarrétti“ sínum yfir hjörðinni, hlýtur að koma að því innan skamms, að krafist verði af henni einhverrar ákveðinnar framtíðarráðstöfunar: Hagagöngu-gjalds, veiðileyfis o.s.frv. Og allt mundi það verða bæði útlátarekara og umfangsmeira heldur en þær ráðstafanir, sem okkur hafa farið á milli um tamningu hjarðarinnar og um laun til kunnáttumanna 1-2 ár, þar til íslenzkir smalar hefðu lært umsjón og hirðu hjarðarinnar! – Þetta er auðvitað æskilegasta leiðin og eðlilegasta! – En svo er einnig hin leiðin:

Fáist ríkisstjórn ekki til að sinna þessu, neyðist hún til – fyrir eða síðar,- og því þá ekki nú þegar!- að afhenda Múlasýslunum hjörðina gegn vissum skilyrðum! – Þetta virðist mér háttvirt stjórnarvöld hljóti bæði að sjá og skilja. Og þá er ástæðulaust að bíða! – Enda þolir málið nú eigi frammar neina bið! – Þarf ég eigi að fjölyrða frekar um það fyrir þér! – Jæja: Skyldu hæstvirt stjórnarvöld fallast á þetta, er fyrsta sporið að leita hófana við sýslurnar og kynna sér aðstöðu þeirra – sameiginlega! Komi til þess, hefi ég hugsað mér fyrsta sporið á þennan veg:

Við tveir,- þú og ég – værum sendir austur til fundar við sýslunefndir beggja sýslna, annaðhvort á Egilsstöðum eða á Reyðarfirði! Á fundi þeim reifaðir þú svo málið f.h. ríkisstjórnar og skýrðir frá skilyrðum hennar og skilmálum. En síðar skýrði ég málið og

viðhorf allt frá „almennu sjónarmiði“ – og legði fram fyrir fundinn „kjarna“ allra þeirra fræða á þessum vettvangi, sem farið hafa okkar á milli þennan fulla áratug, sem liðinn er, síðan farið var að sinna þessu máli!- En aðalinntak þeirrar fræðslu yrði auðvitað að sýna og sanna hagnaðarhlið málsins með tamningu hjarðarinnar, væri rétt áhaldið! o.s.frv.

Jæja; Ég fullyrði ekki frekar um þetta, enda er þér það allt kunnugt, á víðtækasta vettvangi jafnt sem takmarkaðri. – En ég er farinn að hafa áhyggjur af málinu, - og mér þykir mjög fyrir, ef mér skyldi ekki auðnast að sjá fyrir enda einhverrar æskilegrar úrlausnar, áður en ég er allur!“

Úr bréfi Helga Valtýssonar til Birgis Thorlacíusar dags. 23. júlí 1950

Sótt um fé til að handsama kálfa 1950

Birgir Thorlacíus skrifar Helga Valtýssyni bréf dags. 7. okt. 1950 og segir honum að menntamálaráðuneytið hafi sótt um fé til fjármálaráðuneytisins til „.....að handsama hreinkálfa eystra og flytja suður“. Fjárveiting fékkst ekki.

Menntamálaráðuneytið 1950

Haustið 1950 kannaði Menntamálaráðuneytið vilja sýslunefnda Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Árnassýslu til að koma á fót villtum hreindýrastofnum á þessum slóðum. Jafnframt ráðfærði ráðuneytið sig við starfsmenn Tilraunastöðvarinnar á Keldum vegna hugsanlegra dreifingu sjúkdóma. Töldu þeir ekki ástæðu til að óttast að hreindýr gætu borið með sér mæðiveiki og tæplega aðra búfjár sjúkdóma. Þrátt fyrir þetta voru svör allra sýslunefndanna nema Árnassýslu neikvæð.

Reykjanes 1953

Árið 1953 fóru nokkrir menn fram á það að fá að koma upp villtri hreindýrahjörð á Reykjanesfjallgarði. Sýslunefnd Árnassýslu var hlynnt þessu en sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu algjörlega mótfallin.

Vestfirðir - Menntamálaráðuneytið 1959

Guðmundur Þorláksson ferðaðist um Vestfirði að beiðni menntamálaráðuneytisins dagana 22.-26. ágúst 1959 til að kynna sér beitarskilyrði fyrir hreindýr. Taldi hann sumarþeir þar góða og vetrarþeir ágæta í mörgum fjörðum á Barðaströnd. Í Hornvík og víðar á Ströndum tæki heldur aldrei fyrir beit. Guðmundur fór til Noregs fyrir ráðuneytið til að kynna sér hreindýrabúskap.

Sædýrasafnið 1970

Í bréfi til Sædýrasafnsins frá ráðuneytinu, dags. 16. febrúar 1970, heimilar það flutning 6-8 hreindýra af Austurlandi til að hafa til sýnis í girðingu safnsins. Þrjú hreindýr voru veidd á Héraði og flutt í Sædýrasafnið við Hafnarfjörð í febrúar 1970. Í bæklingi frá þeim segir að hreindýraeldið hafi gengið allvel og hreinkýrnar borið á hverju vori. Á tímabili þrífust þau illa er þau kröfsuðu sig í gegnum grasþekju og fjörusandur komst í meltingarveg þeirra. Þeim var lógað um það leyti sem safninu var lokað. Í bréfi til Menntamálaráðuneytisins dags. 20. janúar 1970 fór Sædýrasafnið í Hafnarfirði fram á að fá leyfi til að fanga allt að átta hreindýr, flytja þau suður og hafa í þar til gerðri girðingu í Sædýrasafninu í Hafnarfirði. Ráðuneytið bar umsóknina undir yfirdýralækni (Pál A. Pálsson) sem segir í svari sínu; „...Mér er ekki kunnugt um sjúkdóma í íslenska hreindýrastofninum, sem hættulegir eru íslensku búfé, ef undan eru skildir vinstrar- og garnaormar. Hugsanlegt er að garnaveiki gæti borizt með hreindýrum, en það hefur ekki verið staðfest hér á landi, enda yrði hér um að ræða flutning milli garnaveikihólfa. Hins vegar er reynsla fyrir því hér á landi að hreindýr er erfitt að ala á þröngu landi, og þau þola ekki til lengdar mikið nábýli við annað búfé. Má því ætla að æfi þeirra í þröngri girðingu yrði ekki mjög löng.“

Í umsagnarbréfi dags. 4. febrúar frá sauðfjárveikivörnum (Sæmundur Friðriksson) til ráðuneytisins segir; "...Eftir að hafa ráðfært mig við Pál A. Pálsson yfirdýralækni, tel ég ekki ástæðu til að hafa á móti þessum flutningi ef eftirfarandi skilyrðum verður fylgt:

- Að dýrin verði flutt þannig, að þau hafi ekki samband við búfé á leiðinni.
- Að þau verði höfð sér í vel heldri girðingu á safninu.
- Að dýralæknir fylgist með heilsufari þeirra strax og þau koma og eftirleiðis.
- Ef þau eru felld, eða falla af veikindum, þá verði líffærasýnishorn sent Tilraunastöðinni að Keldum til rannsóknar.
- Ekki er heimilt að flytja þau lifandi af dýrasafninu."

Loyd Villmo 1977

Loyd Villmo hreindýraráðunautur í Noregi skoðar hreindýraslóðir og lætur í ljós þá skoðun að taminn hreindýr gæfu meira af sér en villt (Loyd Villmo1977).

Kárastaðir í Þingvallasveit 1988

Guðbjörn Einarsson sótti um leyfi 1988 til að halda hreindýr að Kárastöðum í Þingvallasveit. Stefndi hann að því að koma á fót hreindýrabúi í ca 300 ha dal á Kárastöðum þar sem þau yrðu höfð á afgirtu landi. Guðbjörn ræddi hugmyndir sínar m.a. við Landgræðslustjóra. Svokölluð NASL nefnd á vegum Náttúruverndarráðs taldi ýmis tormeðki á þessum hugmyndum.

Hrafnhóll, Hólahreppi í Skagafirði 1993

Gunnar Þór Árnason sótti um leyfi til að fanga og flytja hreindýr frá Austurlandi á lögbýlið Hrafnhól í Hólahreppi í Skagafirði í bréfi dagsett 10. október 1993. Hafði hann í huga 3-4 kvígur og einn tarf. Tilgangur fyrirhugaðs hreindýraeldis var tvíþættur. Í fyrsta lagi taldi Gunnar að hreindýrin myndu draga að ferðamenn og þar með auka sumargistingu á svæðinu og að í framtíðinni mætti jafnvel bjóða upp á sleðaferðir að vetrarlagi. Í öðru lagi skyldu hreindýraeldi efla búskap hans enda jörðin kvótalaus. Erindið var sent Veidistjóraembættinu til umsagnar og í bréfi Páls Hersteinssonar veidistjóra til Umhverfisstofnunar, dagsett 15. nóvember 1993 er bent á og fjallað um 6 atriði sem afgreiðsla málsins þurfi að taka mið af:

1. Fyrri reynslu af flutningi hreindýra frá Austurlandi í aðra landshluta.
2. Aðstæðum í hinum áætluðu heimkynnum dýranna hvað varðar gróðurfar, stærð áætlaðs beitarhólfs og snjóalaga.
3. Aðferðum við veiði lifandi hreindýra og álag sem af þeim kann að verða á veidd dýr og önnur hreindýr.
4. Reynslu viðkomandi umsjónarmanns af fóðrun, umhirðu og tamningu hreindýra.
5. Hugsanlegum áhrifum hreindýra á önnur villt dýr.
6. Hugsanlegum áhrifum hreindýra á húsdýr, t.d. hvað varðar smitsjúkdóma.

Í lok bréfs síns segir veidistjóri ekki vera rétt að veita umbeðið leyfi nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Gera þarf úttekt á jörðinni Hrafnhóli m.t.t. gróðurfars, snjóalaga og heppilegs girðingarstæðis eða legu beitarhólfs. Gera þarf fjárhagsáætlun er taki til stofnkostnaðar, rekstrarkostnaðar og áætlaðra tekna af dýrunum. Ekki er verjandi að veita leyfi án þess að fjárhagsgrundvöllur sé sæmilega traustur þótt ekki sé beinlínis ástæða til að ætlast til þess að ágóði verði af rekstrinum fyrstu árin.

Alit dýralæknis sauðfjárveikivarna á hættum samfara flutningi dýranna í annað varnarhólf þarf að liggja fyrir áður en ráðuneytið veitir endanlegt leyfi. Vilyrði Húsdýragarðsins um ráðgjöf og aðra aðstoð við dýrahaldið, þ.á.m. um fóðurkaup, þyrfti að liggja fyrir.

Stefán H. Magnússon 1995

Stefán H. Magnússon hreindýrabóndi á Grænlandi sótti um “leyfi til að taka að sér rekstur og umsjón með helming af hreindýrastofni Austurlands, til ræktunar og uppbyggingar, samt tilraunar til nýsköpunar í íslenskum landbúnaði. Verkefni þetta er áætlað að geti farið fram á þar til úthlutuðu landsvæði. Stofninn skilist til baka á tólf árum” (bréf dags. 18. október 1995). Langanes skildi girt af og notað sem sumarbeitiland en dýrin flutt yfir í minni girðingu á vetrum og fóðruð þar. Einnig áttu hreindýr að ganga á Ströndum á sumrin fram að jólum en þau síðan flutt í minni girðingu í landi Ólafsdals í Dölum og fóðruð þar. Sá Stefán fyrir sér ef vel gengi að aðrir gætu fetað í fótspor hans og mundi það efla landbúnaðinn. Niðurstaða ráðuneytisins var að hér væri um óraunhæft verkefni að ræða.

Í fundargerð hreindýraráðsfundar 6. júní 1996 er eftirfarandi: “... 4. Önnur bréf.

Stefán Magnússon hefur hug á ræktun hreindýra. Menn sammála að erindið sé út í hött. Magnús [Þorsteinsson, Höfn, Borgarfirði eystri] sagði áhugavert að kanna hreindýrabúskap á Grænlandi. Hdr í samvinnu við bændasamtökin kanni þetta mál. Engar athugasemdir við bréf.”

Forskot Fljótsdalshéraði 1995

Ferðamálafulltrúi Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar eystri fór þess á leit við umhverfisráðuneytið, í bréfi dags. 27. júlí 1995, fyrir hönd ferðaþjónustufélagsins Forskots að handsama 10 hreindýr. Áttu þau að vera til sýnis fyrir ferðamenn.

Klaustursel 1996

Aðalsteinn Jónsson og Ólavía Sigmarsdóttir í Klausturseli á Jökuldal sendu umhverfisráðuneytinu bréf þann 22. janúar 1996 og fóru fram á leyfi til að fanga og temja hreindýr sem hafa átti til sýnis fyrir ferðamenn. Vildu þau taka tvo vetrunga í febrúar og síðan tvo nýfædda kálfa í maí. Í bréfi frá umhverfisráðuneytinu dags. 20. febrúar 1996 var þeim veitt leyfið eftir jákvæða umsögn Ráðgjafarnefndar um villt dýr og Hreindýraráðs. Bent var á að álits Dýraverndarráðs og leyfi lögreglustjóra þurfi til að halda dýr í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Hreindýraráð fór enn fremur fram á að leitað yrði álits yfirdýralæknir og héraðsdýralæknis og samþykkis hreppsnefndar Jökuldalshrepps.

Keldudalur í Dýrafirði 1996

Kristjana S. Vagnsdóttir Sveinseyri í Dýrafirði skrifaði umhverfisráðherra bréf 29. október 1996 og bað um að fá að flytja hreindýr í Keldudal í Dýrafirði. Var hreindýraeldið hugsað sem aukabúgrein. Erindinu var synjað. Í fundargerð Ráðgjafarnefndar um villt dýr frá 12. febrúar 1997 er fjallað um erindið og þar segir eftirfarandi: “...Tilgangur með eldinu er óljós og ekki kemur fram að umsækjandi hafi neina þekkingu eða reynslu af eldi hreindýra. Þá liggur ekki fyrir samþykki nágranna eða sveitastjórnar fyrir göngu hreindýra í landi þeirra en erfitt er að hemja hreindýr á afmörkuðum svæðum. Náttúrulegar aðstæður eru ekki heppilegar fyrir hreindýraeldi á umgetnu svæði, þar á meðal gróðurfar sem hentar ekki hreindýrum, og mikið vetrarríki. Loks þykir rétt að benda á hættu á útbreiðslu búfjársjúkdóma en Vestfirðir hafa hingað til verið lausir við suma þá sjúkdóma sem útbreiddir eru á hreindýrasvæðum austanlands. HB (Haukur Brynjólfsson) vill láta koma fram að hann er hlynntur því að dreifa hreindýrastofninum meira um landið.”

Svínavatn í Grímsnesi 1997

Í febrúar 1997 barst umhverfisráðuneytinu umsókn frá Magnúsi I. Jónssyni á Svínavatni í Grímsnesi að fá að taka 5 hreindýr. Þau áttu að vera til sýnis fyrir ferðamenn í væntanlegum dýragarði á bænum. Umsókninni var synjað. Í umsögn Ráðgjafarnefndar

um villt dýr (fundargerð 19. febrúar 1997) segir eftirfarandi: "...Nefndin mælir ekki með því að leyfið verði veitt enda aðstæður á Svínavatni ekki heppilegar, m.a. eru leigðir þar út hávaðasamir vatnasleðar. Nefndin telur afar brýnt að settar verði hið fyrsta reglur um sýningar á villtum dýrum."

Breiðdalur 2000

Í bréfi dagsett 5. janúar 2000 sækir Kristján Sigurðsson á Staðarborg í Breiðdal fyrir hönd Eydala ehf. um heimild til að fanga 1-4 hreindýrskálfa. Hreindýrin skyldi temja og þjálfa í að draga kerru eða sleða til að lokka að ferðamenn. Í bréfinu segir: "...Fyrirhugað er að semja við bændur í Fagradal í Breiðdal að annast hreindýrin a.m.k. fyrst í stað og temja þau en þeir hafa hætt hefðbundnum búskap. Þar eru fyrir hendi hús og girðingar. Reyndar hafa þeir nokkra reynslu í umgengni við hreindýr og að ala þau. Til lengdar lítið tel ég möguleika á að sækja um tilraunabúskap með hreindýr í Breiðdal en þar eru nokkrar jarðir þegar í eyði og mikið jarðnæði sem lítið er notað."

Keldudalur í Dýrafirði 2001

Kristjana Vagnsdóttir óskar eftir því í bréfi til Umhverfissráðherra dags. 10.1.2001 að fá leyfi "til að flytja hreinkálfa að austan í Keldudal í Dýrafirði". Hún segist hafa sótt um slíkt leyfi tvisvar en verið synjað í bæði skiptin. Hreindýraráð lagðist gegn þessum hugmyndum m.a. vegna þess að ýmsar grundvallar upplýsingar liggja ekki fyrir.

Lagarfljótsormurinn 2001

Eignarhaldsfélagið Lagarfljótsormurinn með Benedikt Vilhjálmsson í broddi fylkingar fór fram á að halda hreindýr til sýnis fyrir ferðamenn. Einnig var hugmyndin að ráða Sama til að annast tamningu dýranna svo hægt væri að beita þeim til dráttar. Erindinu var synjað.

Skálanes 2001

Þann 5. mars 2001 barst umhverfissráðuneytinu bréf frá Vilmundi Þorgrímssyni á Seyðisfirði þar sem farið er fram á að fá að ala upp 2 hreindýrskálfa á jörð hans Skálanesi við Seyðisfjörð. Tilgangurinn með þessu var að koma upp smá hjörð á Skálanesi til yndisauka fyrir ferðamenn. Stefnt yrði að því að dýrin fengju að vera sem villtust.

Klaustursel 2001

Aðalsteinn Jónsson í Klausturseli sótti um í bréfi til umhverfissráðuneytis dags. 27.3.2001 "leyfi til að fanga og halda á jörð minni 6 hreindýrskálfa, flesta karlkyns. Helst vil ég fá að fanga 3 ný fædda kálfa nú í vor og 3 kálfa á næsta veiðitíma.... Tilgangurinn er að koma upp tarfahóp sem yrði taminn í því skyni að draga sleða, vagn eða ganga undir reyðtygjum svo börn geti sest á bak."

Þorgils Gunnlaugsson 2003

Opið bréf til Vestfirðinga: Hreindýrahald vænlegur kostur?

Svar við þessari spurningu kemur næstum samtímis upp í hugann og er á þessa leið: Fyrir mörgum árum töludu tveir bændur af Barðaströnd við mig með það í huga að rækta hreindýr, þ.e. að gerast hjarðbændur með hreindýr. Nákvæmlega á þeim árum (1978-80) kom sauðfjárríða upp á svæði sem austfirsk hreindýr ganga á og ekki vitað hvort hreindýr gætu borið með sér riðuveiki. Þar með var lokað fyrir allar hugmyndir um flutning á hreindýrum til annarra svæða.

Fyrir fáum árum var sótt um leyfi til flutnings á hreindýrum til Vestfjarða, en því hafnað, trúlega af sömu ástæðu og fyrr greinir. Engar alvöru rannsóknir hafa verið gerðar á íslenska hreindýrastofninum til að ganga úr skugga um að þau séu ónæg fyrir riðuveiki, en ekki er vitað þess að riðuveik dýr hafi sést. Nú finnst mér kominn tími á að fá svar við því hvort hreindýr séu ónæg fyrir riðusýki eða geti hýst riðusýkill án þess að veikjast.

Svarið beinist ekki eingöngu að flutningi hreindýra í nýja haga, heldur vegna þeirra aðgerða sem nú eru í framkvæmd til útrýmingar á sauðfjársjúkdómum. Hráar afurðir af hreindýrum eru fluttar út um allt land án athugasemda og í góðri trú um að hreindýr séu án sjúkdóma sem gætu valdið hættu fyrir íslenskt búfé. Ef hægt væri á næstu árum að taka 100-200 heilasýni ásamt iðrasýnum á veiðitímabili hreindýra og fá niðurstöðu úr þeim, sem sýndi að ekki þyrfti að óttast neina þá sjúkdóma sem gætu valdið skaða í íslenskum búfjárstofnum, þá mætti í alvöru hugsa til flutnings úr íslenska hreindýrastofninum til annarra staða, til dæmis til Vestfjarða.

Fleira gæti verið erfitt í framkvæmd við það að koma hreindýrum til Vestfjarða, t.d. að komast að samkomulagi um landsvæði sem tilraun með hreindýrarækt færi fram á, hvort sem um væri að ræða hjarðbúskap eða hjörð villtra dýra. Fram hefur farið rannsókn á gróðurtegundum sem hreindýr leggja sér til munns að jafnaði. Prófessor dr. Anna Guðrún Þórhallsdóttir vann þá rannsókn fyrir allmörgum árum og var niðurstaðan sú í stórum dráttum, að hreindýr eti 70% sömu grös og sauðkindin. Miðað við lifandi þunga mætti ætla að hreindýrskýr á beit yfir sumarmánuði þyrfti álíka mikið fóður og ein sauðkind. Hreintarfur þyrfti þá ca. fóður á við 1,5–2 sauðkindur (lömb og kálfar ekki reiknað með).

Seld veiðileyfi árið 2002:

Tarfar eldri en eins árs kr.	90 þúsund
Kýr kr.	45 þúsund
Kálfar kr.	15 þúsund

Þetta verð var á bestu veiðisvæðum, en breytilegt verð fer að nokkru leyti eftir því hve greiðfært er um veiðisvæðin og fjölda dýra á svæði. Veiðisvæðin níu ná yfir landsvæði frá Jökulsá á fjöllum og austur til Hornafjarðar. Fjöldi hreindýra í íslenska stofninum er ca. 2.500 til 3.000 dýr.

Verð á hreindýrakjöti er í kringum 2.000 kr. á kg í heilum skrokkum (óskemmdum eftir veiði).

Væntanlega er íslenskt hreindýrakjöt náttúruvænsta og heilbrigðasta kjöt veraldar og eftirspurn þó nokkur. Það er umtalsverð þjóðfélagsmál hvað snertir náttúruverndarmál, og eins og oft vill verða þegar margir tjá sig um sama málefnið verða sjónarmiðin mörg og erfitt að gera öllum til hæfis. Sem betur fer er smám saman að koma í ljós hvernig hagkvæmast og best sé að ganga um landið. Hreindýr á Austurlandi hafa ekki valdið skaða á beitolandi nema í undantekningartilfellum að vetrarlagi, þegar mikil jarðbönn eru vegna snjóá, og hafa þau þá komist í trjágróður án þess að valda stórskemmdum með hornunum. Fáein hreindýr á Vestfjörðum í tilraunaskyni gætu tæpast valdið þar skaða á gróðurfari. Margt fleira mætti tína til er varðar hreindýrarækt, en á þessu stigi málsins getur það beðið síns tíma þar til séð verður hvort forsendur eru fyrir því að fjölga hreindýrum á Íslandi og þá hvar. Sjálfum finnst mér Vestfirðir koma best til greina, án sérstaks rökstuðnings, enda ekki sérfræðingur í þeim efnunum, heldur hef ég til að bera reynslu eftir 40 ára hreindýraveiðar og skoðunarferðir um Vestfirði. Ef Vestfirðingar koma sér saman um að gera tilraun til hreindýrahalds í einhverri mynd er það mín trú, að slíkt gæti tekist eftir fá ár og bætt búsetuskilyrði, þó í smáum stíl væri, og án þess að skerða hlut þeirra sem nú njóta góðs af íslenska hreindýrastofninum.

Með bestu kveðju til Vestfirðinga. – Þorgils Gunnlaugsson, Sökku II, Svarfaðardal. 15.08.03

Innflutningur frá Grænlandi 2005

Stefán Hrafn Magnússon sækir um leyfi til innflutnings 350 hreindýra frá Grænlandi. Dýralæknaráð leggst gegn því. "...Við sjáum engin rök sem mælt gætu með innflutningi hreindýra og þar með ógnað þessari einstöku stöðu og sett heilbrigði íslenskra hreindýra í uppnám. Þrátt fyrir þá frómu hugmynd umsóknaraðila að byggja hér upp og kynna

skipulagða hreindýrarækt með hjálp nútíma landbúnaðaraðferða þá á dýralæknaráð erfitt með að sjá réttlætingu fyrir innflutningi í stað þess að nýta þann hreindýrastofn sem fyrir er í landinu.”

http://www.mast.is/Uploads/document/greinar/umsogn_hreindyr.pdf

Töfragarðurinn - Stokkseyri 2005

”Hreindýr í Töfragarðinn fyrir næsta sumar [2006]? Sótt var um leyfi fyrir hreindýrum til að bæta við dýraflóruna sem komin er í Töfragarðinn og vonast aðstandendur garðsins til að það náist að ganga frá öllum lausum endum varðandi hreindýramál fyrir opnun garðsins í maí þ.e.a.s. ef að leyfi fæst, en ekki er komið svar frá umhverfisstofnun.”

<http://tofragarðurinn.stokkseyri.is/news.php?nid=67&view=one>

”Hin ný komnu hreindýr aðlagast aðstæðum mjög vel í nýju umhverfi. En þau komu frá Húsdýragarðinum í Laugardal þar sem að þau hafa verið alla sína tíð.

Opið er alla daga frá kl 10 til 18 í Töfragarðinum og er þessi viðbót við garðinn kærkomin viðbót við þá dýraflóru sem fyrir er í Töfragarðinum.” Í haldi - af pabbar.is 30.6.2006

Norðausturland – fundur Skotvís 2007

Fundur um hreindýr á Grand hotel 3. maí 2007. Þar bendnir Skarphéðinn G. Þórisson á möguleika þess að fjölga hreindýrum á NA-landi með veiðistjórnun. Að beiðni Skotvís skrifaði hann grein í tímarit þeirra þar sem þessar hugmyndir eru skýrðar (Skarphéðinn G. Þórisson 2008).

Eyjafjörður 2008

Haukur Snorrason óskar eftir að fá að veiða tvö hreindýr til að sýna í dýragarðinum að Krossum í Eyjafirði. Hreindýraráð leggst gegn því og er leyfinu synjað.

“...Hreindýraráð hefur áður bent á að það telur nauðsynlegt að mörkuð verði ákveðin stefna varðandi leyfi til að fanga hreindýr og að ekki verði lengur hjá því komist að settar verði skýrar reglur, sem framvegis verði hægt að byggja á varðandi svör við slíkum umsóknum.

Því leggur ráðið til að hið fyrsta verði skipaður sérstakur starfshópur, sem marki stefnuna í þessum efnum og setji skýrar reglur sem hægt væri að byggja á. Ekki verði veitt ný leyfi fyrr en því starfi er lokið.” Úr bréfi Hákonar Hanssonar formanns hreindýraráðs til Bjarna Pálssonar Umhverfisstofnunar 8.6.2008.

Reykjaneskagi 2008

„Ferðamálasamtök Suðurnesja ræða flutning hreindýra á Reykjaneskaga.

Stjórn Ferðamálasamtaka Suðurnesja ræðir þá hugmynd að fá leyfi til að flytja hreindýr á Reykjaneskagann eða í Landnám Ingólfs. Tilgangurinn er að auðga dýralíf svæðisins og draga að ferðafólk. Ferðamálasamtökin tóku hugmyndina til umræðu á fundi í vikunni að tillögu formannsins, Kristjáns Pálssonar. Segir hann að málinu hafi verið vel tekið en tekur fram að það sé enn á hugmyndastigi. Minnir Kristján á að hreindýr hafi lengi verið á Reykjanesi, meðal annars í miklum harðindum í lok átjándu aldar og á þeirri níttjándu og komist ágætlega af. Nú sé landið mun minna nýtt af mönnum og skepnum og því ættu að vera enn betri skilyrði. Kristján segir að hreindýrin séu falleg og tignarleg dýr, engum hættuleg, og telur að margir íbúar höfuðborgarsvæðisins og bæjanna í nágrenni hefðu áhuga á að skoða villt hreindýr í náttúrulegu umhverfi. Þá gætu þau haft aðdráttarafl fyrir ferðafólk. Tekur Kristján fram að ekki sé ætlunin að leyfa veiðar, það samrýmist ekki hugmyndinni um friðland villtra dýra. Áhugi er á því að þarna verði einhver hundruð dýra. Telur Kristján að stofninn megi flytja frá Noregi eins og gert var í upphafi eða frá Austurlandi. Heimildir eru um að dýrin hafi haldið sig mikið í Bláfjöllum og nágrenni en farið niður á láglandi Reykjaneskagans í mestu harðindum. Reiknar hann með að svo

færi einnig nú, ef hreindýr væru flutt á svæðið, þau héldu sig væntanlega mest í Brennisteinsfjöllum og á Sveifluhálsi. Kristján hefur áhuga á að kanna vilja meðal íbúa svæðisins en reiknar síðan með að sækja um leyfi hjá Umhverfisstofnun, viðkomandi sveitarfélögum og ef til vill fleirum. Morgunblaðið föstudaginn 12. desember, 2008 - Innlendar fréttir - Villt hreindýr í Landnám Ingólfs Helgi Bjarnason helgi@mbl.is

Grindavík 24. apríl 2009

Fróðleg þjóðháttakynning um hreindýrabúskap

Bekkurinn var þéttsetinn á þjóðháttarkynningu um hreindýrabúskap á sumardaginn fyrsta. Kynningin var liður í viðburða- og menningardagskrá Grindavíkur 2009. Stefán Hrafn Magnússon, íslenskur hreindýrabóndi á Grænlandi, sagði frá reynslu sinni af hreindýrabúskap. Hann á stórt bú í Isortoq og telur það nú um 2000 hreindýr. Landsvæðið sem hann hefur til umráða er álíka stórt og allur Reykjanesskaginn. Stefán fjallaði m.a. um aðdraganda þess að hann hóf búskap á þessum stað, vinnunni við að koma upp hreindýrastofni og nýtingu afurðanna.

Stefán er búfræðingur. Hann kynntist hreindýrahaldi með Sömum í Finnmörku, nam hreindýrafræði í Noregi og Svíþjóð. Hann kenndi hreindýrahald í Alaska áður en stöðin í Isortoq var hleypt af stokkunum. Frá stöðinni er sent kjöt m.a. til Íslands og víðar um heim. Stefán hefur þrisvar sótt um að koma á fót hreindýrabúi hér á landi, en ávallt verið synjað af léttvægum ástæðum. Stefán telur að hreindýrabúskapur sé arðvænleg atvinnugrein, skapi atvinnu og gefi fólki kost á næringarríku kjötmeti.

Kristján Pálsson, formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja sagði frá þeirri hugmynd samtakanna að sækja um leyfi til að vera með um 200 hreindýr á Reykjanesskaga.

Tilgangurinn er að auðga dýralíf svæðisins og draga að ferðafólk. Minnti Kristján á að hreindýr hafi lengi verið á Reykjanesi, m.a. í miklum harðindum í lok átjándu aldar og á þeirri nítjándu og komist af. Nú sé landið mun minna nýtt af mönnum og skepnum og því ættu að vera enn betri skilyrði. Hreindýrin væru falleg og tignarleg dýr og gætu haft aðdráttarafl fyrir ferðafólk. Tók Kristján fram að ekki sé ætlunin að leyfa veiðar, það samrýmist ekki hugmyndinni um friðland villtra dýra. Fjörugar umræður voru um hreindýrabúskap á Reykjanesskaga en Stefán og Kristján svörðuðu öllum spurningum þannig að viðstaddir urðu margfróðari á eftir.

FRÉTTIR fös. 24. apr. 2009

Vatnsnes Húnaþing 2009

Gudrun M. H. Kloes atvinnuráðgjafi SSNV á Hvammstanga hafði samband við Náttúrustofu Austurlands í júní 2009 og spurdist fyrir um möguleika á að flytja og halda hreindýr á Vatnsnesi í Húnaþingi.

Vestfirðir 2009

“Vilja flytja hreindýr til Vestfjarða

Hópur fólks vill auka útbreiðslu hreindýra á Íslandi og horfir ekki síst til Vestfjarða. „Gróðurfar, landslag, og margt annað er líkt á Vestfjörðum sem Austfjörðum. Því mætti ætla að þar væri hreindýrum kjörlandi,“ segir á Facebooksíðu hóps sem vill að myndarlegum stofni hreindýra verði komið fyrir á Vestfjörðum. Umræður um tilfærslu hreindýra spretta upp reglulega. Þannig sendi stjórn Skotveiðifélags Íslands sveitarfélögum víða um land bækling félagsins í byrjun sumars. Þar er talað fyrir hugmyndum um aukna útbreiðslu hreindýrastofnsins, sérstaklega í ljósi þess að ásókn í veiðileyfi hefur undanfarin ár verið langt umfram framboð á veiðileyfum. Það hefur gerst þrátt fyrir mikla fjölgun hreindýra á Austurlandi á undanförunum árum og aukinn kvóta. Skarphédinn Þórisson er líffræðingur við Náttúrustofu Austurlands. Hann segir að hugmyndir sem þessar hafi reglulega skotið upp kollinum, allt frá svonefndum Kollabúðafundi, sem haldinn var um 1850. Skarphédinn segir að hingað til hafi

dýralæknar lagst gegn því að hreindýr fari á aðra landshluta þar sem þau gætu borið riðu eða aðrar pestir." DV 22.7.2009

"Tæplega 450 manns hafa skráð sig í hóp á fasbókinni svokölluðu sem vill hreindýr á Vestfirði. Segir hópurinn að kjörlendi sé þar fyrir dýrin líkt og á Austfjörðum. Þessi hugmynd er ekki ný af nálinni og segir Sveinn Ingi Lýðsson, upphafsmaður hópsins, hana hafa komið reglulega upp í umræðunni. „Þarna sjáum við mikið af landi sem gæti nýst undir þennan dýrastofn og með minnakandi búsetu og fækkun atvinnutækifæra þá gæti þetta verið lyftistöng í atvinnumálum Vestfjarða.“ Hugmyndin hefur hins vegar aldrei náð langt þar sem dýralæknaembættið hefur ávallt lagst gegn henni, til dæmis vegna hættu á riðuveiki. Sveinn Ingi segist vita til þess að ekki séu allir dýralæknar sammála um þetta en embætti yfirdýralæknis hafi verið mjög afgerandi í skoðunum sínum á málinu. „En ég hef nú verið að horfa til þess að íslenski hreindýrastofninn virðist vera afskaplega heilsuhraustur og ekki séð að þessi stofn sé að falla mikið úr sjúkdómum og ég hef ekki séð neinar rannsóknir sem styðja þessar getgátur dýralæknanna.“” frettir@ruv.is

Vesturbyggð 2010

"Vilja hreindýr á Vestfirði. Bæjarmálafélagið Samstaða hefur lagt til að Vesturbyggð sækji nú þegar til Umhverfisstofnunar um leyfi til fjölgunar hreindýra á Íslandi með það fyrir augum að sleppa hreindýrum lausum á Vestfjörðum. Um árabíl hefur verið áhugi fyrir því að flytja hreindýr vestur. Er talið að það gæti rennt styrkari stöðum undir byggðina ef komið væri upp myndarlegum stofni á svæðinu, en hreindýr og veiðar á þeim gefa Austfirðingum miklar tekjur, aðallega í formi þjónustu við veiðimenn. Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti að vísa tillögunni til landbúnaðarnefndar og atvinnumálanefndar til umsagnar." bb.is | 22.10.2010 | thelma@bb.is

Hólmur, Hornafirði 2010

Guðrún Guðmundsdóttir og Magnús Guðjónsson sækja til umhverfisráðuneytisins í bréfi dags. 13. janúar 2010 um leyfi til að „fanga og taka í vörslu í húsdýragarð okkar tvö hreindýr“.

Þeim veitt leyfi til að halda tvö hreindýr. Skúli Benediktsson greip undanvilling í Geithellnadal vorið 2013 og færði þeim. Drapst í haldi í mars 2015.

Vestfirðir 2011

Lagst gegn flutningi hreindýra á Vestfirði.

Sauðfjarræktendur eru andsnúnir hugmyndum um flutning hreindýra til Vestfjarða af ótta við sjúkdóma sem borist geti í heilbrigðasta stofn íslensks sauðfjár. Misskilningur segir Sigmar B. Hauksson. Miklar tekjur séu í húfi. Hugmyndir um að flytja hreindýr til Vestfjarða til að styrkja atvinnulífið mæta harðri mótspyrnu sauðfjarræktenda og sérfræðings hjá Matvælastofnun.

"Vitað er að hreindýr geta tekið ýmsa sauðfjárjúkdóma, má þar nefna garnaveiki, en einnig er líklegt að hreindýr geti borið riðu ásamt ýmsum öðrum smitsjúkdómum. Með tilliti til þess hve rásgjörn og víðförl hreindýr eru ásamt því að girðingar, þar með taldar sauðfjárveikivarnarlínur, halda þeim ekki er ljóst að hætta er á að óbætanlegt tjón gæti hlotist af flutningi þessara dýra á Vestfirði," segir í umsögn sauðfjárveikivarnarnefndar Strandabyggðar til sveitarstjórna á Vestfjörðum. Í umsögn Þorsteins Ólafssonar, sérgreinalæknis hjá Matvælastofnun, er minnt á að heilbrigðasti sauðfjárstofn landsins sé á austanverðum Vestfjörðum. "Það eru því ekki aðeins hagsmunir bænda á því svæði í húfi að ekki berist þangað óæskilegir sjúkdómar, það skiptir alla sauðfjarrækt á Íslandi gríðarlega miklu máli," segir Þorsteinn. Þá er nefnd slyshætta og eyðilegging vegna ágangs hreindýra. Þorsteinn segir hreindýr ekki virða venjulegar girðingar. "Það er líklegt að þau myndu leita suður í Dali, alla vega á vissum árstímum, og jafnvel niður í Borgarfjörð," segir Þorsteinn, sem kveður slíkt flakk myndu

ganga "gjörðsamlega gegn öllum hagsmunum" vegna varnarlína við sauðfjárveiki. Búnaðarsamband Vestfjarða hefur einnig lýst andstöðu við flutning hreindýra inn á svæðið. Sigmar B. Hauksson, fyrrverandi formaður Skotvís, segir andstöðuna byggða á misskilningi. "Íslenski hreindýrastofninn er einn sá heilbrigðasti í heimi. Það hefur aldrei fundist hreindýr sýkt af riðu eða garnaveiki svo sannað sé á Íslandi. Hreindýr eru í nánu samband við sauðfé á Austurlandi og ekki er það vandamál," segir Sigmar. Þá bendir Sigmar á að ferðamála- og umhverfisnefnd Reykhólahrepps ætli að láta kanna hvort hreindýr geti lifað á Vestfjörðum. Atvinnu- og ferðamálanefnd Vesturbyggðar skoði einnig málið.

„Framsýnir menn fyrir vestan vilja einfaldlega rannsaka hvort þetta sé gerlegt. Vægi sauðfjárræktar hefur minnkað mjög mikið á Vestfjörðum og þar vantar sárlega atvinnutækifæri. Hjörð hreindýra gæti lengt ferðaþjónustutímabilið um tvo mánuði og það skilað minnst 500 milljóna króna tekjum. Menn eiga að skoða málin til hlítar áður en ákvörðun er tekin,“ segir Sigmar B. Hauksson. Fréttablaðið 7. maí 2011

Vestfirðir 2011

Mótmælir harðlega hugmyndum um flutning hreindýra til Vestfjarða, Engin hreindýr til Vestfjarða.

Hugmyndir um flutning á hreindýrum af Austfjörðum á Vestfirði í þeim tilgangi að auka flóru skotveiðimanna til eflingar ferðaþjónustu í fjórðungnum lagðist illa í þingfulltrúa Búnaðarsambands Vestfjarða. Í ályktun um það mál sem samþykkt var samhljóða sagði:

„Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn á Reykhólum 16. apríl 2011 mótmælir harðlega fram komnum hugmyndum um flutning hreindýra til Vestfjarða. Hreindýr virða engar girðingar og geta hugsanlega borið sjúkdóma milli varnarhólfa. Vestfjarðahólf eystra er laust við riðu- og garnaveiki, sá hreinleiki skapar sauðfjárafurðum þaðan aðgang að vissum erlendum mörkuðum og hólfid er eitt af mikilvægustu líflambasölusvæðum landsins.“

Bændablaðið | fimmtudagur 26. maí 2011 gar@frettabladid.is

Hreindýrabúskapur 2013

Stefán Hrafn Magnússon og Björn Magnússon sækja um leyfi til hreindýraeldis og í framhaldi þess skipar Umhverfissráðuneytið nefnd sem skili af sér skýrslu í desember 2014.

Heimildir 2. viðauka.

Alþingistíðindi 1847. Nefndarálit um frumvarp til veiðilaga á Íslandi. Bls 240-305.

An. 1927. Hreindýrarækt. Tíminn, 11(11), bls. 43. Reykjavík.

An. 1944. Tilraun með uppeldi hreindýra í Eyjafirði. Dagur 26. maí 1944

Ársæll Árnason 1942. Hreindýrin í Arnarfelli. Náttúrufr., 12: 151-154.

Birgir Thorlacius, 1960. Um íslensk hreindýr. Freyr, 56(8-9), bls. 117-134. Reykjavík.

Guðmundur Þorláksson, 1938. Hreindýrarækt á mæðiveikisvæðinu. Tíminn 22 (25), bls. 138. Reykjavík.

Helgi Valtýsson 1945. Á hreindýraslóðum. Bókaútgáfan Norðri h.f., Akureyri. 228 bls.

Helgi Valtýsson, 1959: Hreindýr. Freyr 55 (11-12): 172-173.

Hreindýraráð/Umhverfisstofnun; bréf og fundagerðir, handrit.

Kristján Jónsson frá Garðstöðum 1942. Barðstrendingabók, Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.

Loyd Villmo 1977. Hreindýrin á Íslandi sótt heim. Freyr 73 (4): 123-128. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið; bréf og skýrslur, handrit.

- Ólafur Hjört Jósepsson 1788. Um hreindýr.- Rit þess ísl.Konungl. Lærdómslistafél. VIII: 77-104.
- Ólafur Þorvaldsson 1960. Hreindýr á Íslandi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík. 111 bls.
- Páll Vídalín 1768. Deo, regi, patria. Sörö .
- Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Eiga hreindýr framtíð fyrir sér á Norðausturlandi? Skotvís. Fagrit um skotveiðar og útivist. 1. tbl. 14. árg; bls. 31-36.
- Veiðistjóraembættið; ýmis skrif og skýrslur, handrit.